



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

---



# Nýtt greiðsluþáttökukerfi

Helstu þættir til skoðunar við mótnun heildstæðs  
greiðsluþáttökukerfis í heilbrigðisþjónustu

Mars 2015

---

Skýrsla til heilbrigðisráðherra - Nefnd um eitt greiðsluþáttökukerfi í heilbrigðisþjónustu

Velferðarráðuneytið: Nýtt greiðslupátttökukerfi  
Mars 2015

Útgefandi: Velferðarráðuneytið  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
101 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is)  
Veffang: [velferðarraduneyti.is](http://velferðarraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið  
Mynd á forsiðu: Sveinn Magnússon

© 2015 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9979-799-95-5

---

# Efnisyfirlit

---

Inngangur	7
Helstu niðurstöður	8
<b>1 Greiðslukerfi</b>	<b>14</b>
1.1 Inngangur	14
1.2 Lyfjagreiðslukerfi	14
1.3 Þrepakerfi	16
1.3.1 Allir með sömu greiðsluforsendur í þrepakerfi	16
1.3.2 Mismunandi greiðsluforsendur í þrepakerfi	17
1.3.3 Grunnár greiðslubátttöku í þrepakerfi	17
1.4 PHB-aðferð	17
1.4.1 Sama greiðsluregla fyrir alla	18
1.4.2 PHB-aðferð Mismunandi greiðslureglur (grunntala) eftir hópum	18
1.5 Samanburður á aðferðum	19
1.6 Fleiri útfærslur	20
1.7 Kostir og gallar greiðslukerfanna	20
1.7.1 PHB-kerfi	20
1.7.2 Þrepakerfi	21
1.8 Niðurstaða atkvæðagreiðslu	21
<b>2 Eitt kerfi eða tvö</b>	<b>22</b>
2.1 Kostir og gallar við eitt kerfi eða tvö	23
2.1.1 Eitt kerfi	23
2.1.2 Tvö kerfi	24
2.2 Nánari umfjöllun	24
2.3 Niðurstaða atkvæðagreiðslu á fundi	25
<b>3 Trygging barna</b>	<b>26</b>
3.1 Börn greiði hvorki fyrir lyf né heilbrigðisþjónustu	26
3.2 Börn greiði fyrir lyf en ekki heilbrigðisþjónustu	27
3.2.1 Rök fyrir að greitt sé fyrir þjónustu við börn	32
3.2.2 Rök fyrir að ekki sé greitt fyrir þjónustu við börn	32
3.2.3 Niðurstaða atkvæðagreiðslu	32
3.3 Börn sérhópur eða í hópi með öðru foreldri	32
3.3.1 Rök með því að börn í fjölskyldu myndi hóp með öðru foreldri	32
3.3.2 Rök á móti því að börn myndi einn hóp með foreldri	33
3.3.3 Rök með og móti því að börn í fjölskyldu myndi sér hóp	33
3.3.4 Niðurstaða atkvæðagreiðslu	33

4	Á gjaldtaka að byggja á stöðu?	34
4.1	Tvenns konar hópaskipting í gildi	34
4.2	Rök með því að sleppa hópaskiptingu	35
4.3	Rök með skiptingu í hópa	35
4.4	Niðurstaða atkvæðagreiðslu um hópaskiptingu	36
5	Greiðslupátttaka og notkun þjónustu	37
5.1	Þjónustustýring og hlutverk heilsugæslu	37
6	Bókanir nefndarmanna	39
6.1	Bókun Katrínar Júlíusdóttur	39
6.2	Bókun Álfheiðar Ingadóttur	40
	Fylgiskjal 1. Hvað er ókeypis í heilbrigðiskerfinu, samantekt	41
	Fylgiskjal 2. Greiningarskýrsla KSJ.	52
	Fylgiskjal 3. Greiðslupátttökukerfi á Norðurlöndum	53
	Fylgiskjal 4. Tekjur lífeyrisþega	58
	Fylgiskjal 5. Áhrif breytinga á greiðslupátttökukerfum í heilbrigðisþjónustu	60

## Myndaskrá

Mynd 1.	Aðgangur að heilbrigðisþjónustu og kostnaður	9
Mynd 2.	Greiðslupátttaka einstaklinga eftir mánuðum.	11
Mynd 3.	Hlutfall hvers hóps sem naut endurgreiðslu í lyfjum eða heilbrigðisþj. í hverjum mán. á tímabilinu. ...	12
Mynd 4.	Greiðslupátttaka í 12 mánaða kostnaði v. lyfja.	15

## Töfluskrá

Tafla 1.	Greiðslur notenda og SÍ 1.10.2013-30.09.2014, skv. upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands.....	11
Tafla 2.	Fjöldi notenda eftir greiðslubílum í núverandi kerfi okt. 2013 til sept. 2014. A=almennir, E=ellilífeyrisþegar, U=börn og ungmenni, O=öryrkjar.....	12
Tafla 3.	Helstu þættir sem ræddir voru í nefndinni og atkvæði greidd um.....	13
Tafla 4.	Þrep í lyfjagreiðslukerfi almennra notenda og þeirra sem greiða 2/3 sem gilda frá 1. janúar 2015.....	15
Tafla 5.	Þrepakerfi þar sem sömu greiðsluforsendur gilda fyrir alla notendur heilbrigðisþj. Núverandi skipting í hópa er: A=almennir, E=aldraðir, O= öryrkjar og U=börn og ungmenni. Hér greiða allir eftir sömu reglu. ....	16
Tafla 6.	Greiðslupátttökukerfi með tvískiptum þrepum og lækkuðum kostnaði hjá hópum E, O og U. ....	17
Tafla 7.	Ákvörðun greiðslna í PHB kerfi. ....	18
Tafla 8.	Öll heilbrigðisþjónusta og lyf sem SÍ taka þátt í að greiða eru í sama kerfi, sömu greiðslureglur gilda um alla. Börn eru einn hópur á hverju fjölskyldunúmeri. ....	18
Tafla 9.	Mismunandi greiðsluviðmið (grunntala) eftir hópum í PHB aðferð. ....	19
Tafla 10.	Sama greiðsluregla fyrir alla innan hvors kerfis um sig, með þrepaskiptri aðferð og PHB-aðferð:.....	19
Tafla 11.	Mismunandi greiðsluviðmið eftir hópum innan hvors kerfis um sig, með þrepaskiptri aðferð og PHB-aðferð: .....	20
Tafla 12.	Heilbrigðisþjónusta og lyf í einu sameinuðu greiðslupátttökukerfi. Engar millifærslur milli hópa: .....	22
Tafla 13.	Heilbrigðisþjónusta í sér greiðslupátttökukerfi. Engar millifærslur milli hópa: .....	22
Tafla 14.	Lyf í sér greiðslupátttökukerfi. Engar millifærslur milli hópa: .....	23
Tafla 15.	Lyf og heilbrigðisþjónusta ókeypis fyrir börn og ungmenni og greiðslubyrði færð á aðra hópa eftir stöðu foreldis. ....	26
Tafla 16.	Lyf og heilbrigðisþjónusta ókeypis fyrir börn. Áhrif þrepaskiptrar aðferðar og PHB-aðferðar.....	27
Tafla 17.	Ókeypis lyf og heilbrigðisþjónusta fyrir börn. Niðurstaðan eftir aðferðum: .....	27

Tafla 18. Ókeypis heilbrigðisþjónusta og lyf að hluta til fyrir börn, niðurstaðan eftir aðferðum. Hópur o varðar einvörðungu heilbrigðisþjónustu barna og ungmenna og hópur U lyf.....	28
Tafla 19. Ókeypis heilbrigðisþjónusta (hópur o) og lyf að hluta til (hópur U) fyrir börn og ungmenni, nánari sundurliðun.....	28
Tafla 20. Ókeypis heilbrigðisþjónusta (hópur o) og lyf að hluta til (hópur U) fyrir börn og ungmenni, breyting á greiðsluhluta og -hlutfalli hópa frá því sem nú er. ....	29
Tafla 21. Heilbrigðisþjónusta ókeypis og lyf að hluta til fyrir börn og ungmenni. Fjöldi notenda eftir árskostnaðarbilum hópa í núverandi kerfi. ....	29
Tafla 22. Heilbrigðisþjónusta ókeypis og lyf að hluta fyrir börn og ungmenni. Fjöldi notenda eftir árskostnaðarbilum hópa með PHB-aðferð. ....	29
Tafla 23. Börn og ungmenni með gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu (hópur o) en með óbreytta greiðsluþátttöku í lyfjum (hópur U). Dæmi nr. 99. ....	30
Tafla 24. Börn og ungmenni með gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu (hópur o) en með óbreytta greiðsluþátttöku í lyfjum (hópur U) : Greiðslubyrði hópa.....	31
Tafla 25. Börn og ungmenni með gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu (hópur o) en með óbreytta greiðsluþátttöku í lyfjum (hópur U) : Greiðsluhlutfall hópa.....	31
Tafla 26. Börn og ungmenni með gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu (hópur o) en með óbreytta greiðsluþátttöku í lyfjum (hópur U): Fjöldi notenda eftir árskostnaðarbilum. ....	31

---

## Inngangur

---

Þann 28. ágúst 2013 skipaði heilbrigðiráðherra nefnd sem falið var að gera tillögu að nýju greiðsluþátttökukerfi. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn hinn 5. september 2013.

Hlutverk nefndarinnar kemur fram í erindisbréfi þar sem segir. „Nefndinni er ætlað að kanna hvort og þá með hvaða hætti hægt er að fella lækni-, lyfja-, rannsóknar-, sjúkraþjálfunar- og annan heilbrigðiskostnað undir eitt niðurgreiðslu- og afsláttarfyrirkomulag þannig að þátttaka borgarans í heilbrigðiskostnaði verði takmörkuð hvort sem kostnaðurinn fellur til utan eða innan heilbrigðisstofnana og hver sem þörf hans fyrir heilbrigðisþjónustu er. Þá er nefndinni meðal annars falið að hafa samráð við Læknafélag Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Félag eldri borgara, Öryrkjabandalag Íslands og Embætti landlæknis.“

Nefndin er þannig skipuð:

- Pétur H. Blöndal alþingismaður, skipaður án tilnefningar, formaður,
- Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir sviðsstjóri, tiln. af Sjúkratryggingum Íslands,
- Katrín Júlíusdóttir alþingismaður, tiln. af þingflokki Samfylkingarinnar,
- Kristinn Snævar Jónsson rekstrarhagfræðingur, tiln. af þingflokki Framsóknarflokksins,
- Margrét Björk Svavarsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, skipuð án tilnefningar,
- Álfheiður Ingadóttir ritstjóri, tiln. af þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í stað Ólafs Þórs Gunnarssonar öldrunarlæknis,
- Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingismaður, tiln. af þingflokki Sjálfstæðisflokksins,
- Rúna Hauksdóttir Hvannberg, formaður lyfjagreiðslunefndar, skipuð án tilnefningar,
- Sigrún Gunnarsdóttir, dósent við Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst, tiln. af þingflokki Bjartrar framtíðar,
- Sigurður Jónas Eggertsson hugbúnaðarsérfræðingur, tiln. af þingflokki Pírata,
- Viðar Helgason sérfræðingur, tiln. af fjármála- og efnahagráðuneytinu.

Starfsmaður vinnuhópsins er Ólafur Gunnarsson, viðskiptafræðingur og sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Þorvaldur Ingi Jónsson hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) hefur annast gagnasöfnun fyrir nefndina.

Nefndin hélt 25 fundi og farið yfir þær hliðar gjaldtöku og þau sjónarmið sem nefndarmenn telja að gæta þurfi við mótun kerfisins. Á fundi nefndarinnar hafa komið heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, Þorbjörn Jónsson, Sólveig Jóhannsdóttir og Dögg Pálsdóttir frá Læknafélagi Íslands, Ólafur Ólafsson og Aðalsteinn J. Loftsson frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Ragna Haraldsdóttir frá Tryggingastofnun ríkisins, Þórey S. Þórðardóttir frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Ólafur Darri Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Einar Magnússon frá velferðarráðuneytinu, Þorvaldur Ingi Jónsson, Benedikt Benediktsson og Guðrún Gylfadóttir frá Sjúkratryggingum Íslands og Gunnar Axelsson frá Hagstofu Íslands. Einnig komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Landssamtökum eldri borgara, Öryrkjabandalaginu og formaður Velferðarvaktarinnar og nokkrir fulltrúar hennar. Haldinn var kynningarfundur á reiknireglum með Öryrkjabandalaginu og Landssamtökum eldri borgara.

Umræður í nefndinni hafa snúist um ákveðna þætti greiðsluþátttökukerfis. Í skýrslunni er gerð grein fyrir sjónarmiðum sem fram hafa komið í nefndinni varðandi kosti og galla einstakra þátta. Tölur í skýrslunni eru flestar teknar beint úr greiningarskýrslu sem er fylgiskjal með henni.

---

## Helstu niðurstöður

---

Nefndinni var falið að gera tillögur sem miðuðu við óbreyttan kostnað ríkissjóðs jafnframt því að verja notendur sem þurfa á mikilli þjónustu að halda og greiða háar fjárhæðir fyrir heilbrigðisþjónustu í núverandi kerfi. Leiðir sem nefndin skoðaði fólust í því að setja hámark á árlegan kostnað einstaklinga sem hækkar greiðslur hluta notenda á móti. Horft var til reynslu sem komin var af nýju lyfjagreiðslukerfi.

Mikil áhersla var lögð á það af nokkrum nefndarmönnum að fella fleiri þætti heilbrigðisþjónustu undir greiðslupátttökukerfið en nú er og var almenn sálfræðiþjónusta og sýklalyf fyrir fullorðna nefnd í því sambandi. Það fellur ekki undir verksvið nefndarinnar að leggja til breytingar á þjónustupáttum sem falla undir greiðslupátttöku.

Nefndin leggur áherslu á að við upptöku nýs greiðslupátttökukerfis verði greiðslusaga hvers og eins í nokkra mánuði fyrir upptökuna notuð til að draga úr háum greiðslum við upphaf nýs fyrirkomulags.

Margir nefndarmanna lögðu áherslu á að tryggja stöðu heilsugæslunnar í nýju greiðslupátttökukerfi. Til að svo geti orðið þarf heilsugæslan m.a. að vera ódýr valkostur sem verði almennt fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að efla heilsugæsluna og tryggja stöðu hennar sem fyrsta viðkomustaðar sjúklinga.

Þar sem ekki náðist samhljóða niðurstaða í nefndinni um tillögur til ráðherra var ákveðið að ganga til atkvæða um einstaka þætti kerfisins. Í skýrslunni koma fram helstu kostir og gallar hvers þáttar eins og nefndarmenn mátu þá.

**Prepakerfi eða fljótandi summa:** Nefndin valdi milli þess að leggja til prepakerfi (eins og í lyfjakerfi) eða byggja greiðslur á fljótandi summu í greiðslumánuði og næstu fimm mánuðum á undan sem kallað hefur verið PHB-kerfi í umfjöllun nefndarinnar. Nefndin samþykkti að nota skyldi kerfi fljótandi summu (PHB-kerfi) í nýju kerfi og voru meginrökin þau að það kerfi jafnar betur út kostnað notenda og leiðir til lægri hámarksgreiðslna en í prepakerfi.

**Eitt eða tvö kerfi:** Nefndinni var falið að meta kosti þess að fella heilbrigðisútgjöld undir eitt kerfi en þar sem mikill stuðningur var við tvö kerfi var ákveðið að kjósa milli þess hvort leggja skyldi til eitt sameiginlegt kerfi fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf eða aðskilin kerfi fyrir hvort um sig. Niðurstaðan var þessi: Nefndin samþykkti að taka upp tvö kerfi í byrjun, nýtt kerfi fyrir heilbrigðisþjónustu og óbreytt lyfjakerfi. Nefndarmenn skiptust síðan í þrjá hópa varðandi framtíðarfyrirkomulag. Þrír nefndarmanna kusu afdráttarlaust eitt kerfi til framtíðar, fjórir tvö kerfi til frambúðar og aðrir töldu að meta ætti eftir reynslutíma með tveimur kerfum hvort sameining væri fýsileg. Þannig náðist ekki afgerandi niðurstaða varðandi þennan þátt.

**Hópaskipting greiðenda:** Nefndin valdi milli þess að halda hópaskiptingu fullorðinna í almenna, öryrkja og aldraða eða leggja hana af þannig að aðeins börn greiddu lægra gjald. Nefndin samþykkti að halda óbreyttri skiptingu í almenna, öryrkja og aldraða, auk barna, varðandigreiðslupátttöku í heilbrigðiskerfi. Útfærsla hópaskiptingar verði hin sama og í lyfjakerfi.


**Gjaldfrjáls þjónusta við börn:** Nefndin kaus um hvort heilbrigðisþjónusta barna skyldi vera gjaldfrjáls. Varðandi þennan þátt skiptist nefndin í tvo næstum jafnstóra hópa, meirihluti samþykkti gjaldtöku vegna barna vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu í nýju greiðslupátttökukerfi. Einnig var mikill stuðningur við að heilbrigðisþjónusta barna væri gjaldfrjáls en að greitt væri lægra gjald en almennir notendur greiða fyrir lyf barna eins og í núverandi lyfjakerfi. Nefndin taldi að nýtt kerfi um

tannlækningar barna ætti að vera óbreytt, a.m.k. meðan á uppbyggingu þess stendur. Einnig var skoðaður sá möguleiki að börn mynduðu hóp með öðru foreldri í stað þess að börn myndi sérhóp eins og í lyfjakerfi. Sú tillaga var felld.

### Hvers vegna nýtt kerfi?

Í núverandi greiðsluþáttökukerfi heilbrigðisþjónustu getur mjög mikill kostnaður fallið á notendur heilbrigðisþjónustu svo að þungbært getur orðið fyrir hinn sjúkratryggða. Einnig getur mikill kostnaður hindrað að fólk leiti sér nauðsynlegar þjónustu. Nýju greiðsluþáttökukerfi er fyrst og fremst ætlað að dreifa greiðslum fyrir þjónustu með öðrum hætti en í eldra kerfi þannig að þak verði sett á kostnað þeirra sem þurfa á mikilli þjónustu að halda svo kostnaður þeirra verði þeim viðráðanlegur. Þar sem fjárútlát ríkissjóðs eiga ekki að aukast með nýju kerfi þarf að hækka greiðslur annarra á móti. Líta má á nýtt greiðsluþáttökukerfi lyfja sem fyrsta skref í átt til heildstæðrar breytingar á greiðsluþáttöku.

Til fróðleiks er hér birt mynd sem er byggð á skýrslu frá *The Commonwealth Fund*<sup>1</sup> um notendagreiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu í nokkrum löndum sem lýsir vel þeim sjónarhornum sem velt var upp í umræðum í nefndinni. Annars vegar hve margir verða fyrir umtalsverðum fjárútlátum vegna heilbrigðisþjónustu og hins vegar hvort notendagjöld hindri fólk í að sækja þjónustu.



Mynd 1. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu og kostnaður.

### Hvaða þjónusta er innifalin í nýju greiðsluþáttökukerfi?

Kostnaður ríkissjóðs á ekki að breytast vegna tillagna nefndarinnar og miðast tillögur við sömu þjónustuþætti og falla nú undir greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga Íslands (hér eftir oftast SÍ). Hvorki

<sup>1</sup> <http://www.commonwealthfund.org/publications/in-the-literature/2013/nov/access-affordability-and-insurance>



er lagt til að taka inn nýja þjónstupætti né taka upp gjaldtöku fyrir þjónustu sem nú er ókeypis. Fram kom það sjónarmið í nefndinni að ef kerfið skilar hagræðingu þá verði sjúkratryggðir látnir njóta þess fremur en að kostnaður ríkisins lækki.

Innan greiðslupáttökukerfis er heilsugæsla, dag- og göngudeildarþjónusta, þar sem notandi greiðir að hluta fyrir rannsóknir, myndgreiningu, heimsóknir til sérfræðinga og annarra heilbrigðisstarfsmanna, þjónusta sérgreinalækna, sjúkra- iðju- og talþjálfun, sjúkraflutningar, tannlækningar barna og lífeyrisþega, hjúkrun í heimahúsum, lyf og flest hjálpartæki.

Þá eru ákveðnir þættir án greiðslupáttöku notanda (sjá nánar í fylgiskjali 1). Þar er helst að nefna innlögn á sjúkrahús, fæðingarhjálp og ungubarnaeftirlit, þjónustu heilsugæslu við börn, skólaheilsugæslu, hluta af þjónustu göngudeilda sjúkrahúsa fyrir börn, heimahjúkrun, líknandi meðferð, tiltekin hjálpartæki og lyf sem gefin eru sjúklingum á sjúkarhúsum (S-merkt lyf). Utan kerfis og án greiðslupáttöku sjúkratrygginga er helst að nefna almenna sálfræðiþjónustu, tannlæknisþjónustu fyrir almenna notendur og sýklalyf fyrir fullorðna.

Þau sjónarmið komu fram að mikilvægt væri, þegar svigrúm gæfist, að víkka það svið sem greiðslupátttaka sjúkratrygginga nær til. Sérstaklega var nefnd sálfræðiþjónusta, sýklalyf fyrir fullorðna og heilbrigðisþjónusta barna (ekki lyf) í því samhengi. Mikill stuðningur var við að heilbrigðisþjónusta barna væri gjaldfrjáls, en það hefur í för með sér hærri greiðslubyrði almennra og e.t.v. lífeyrisþega þar sem heildargreiðslur ríkissjóðs eiga ekki að breytast vegna tillagna nefndarinnar.

Niðurgreiðsla á tannlækningum og tannréttingum er takmörkuð í núverandi kerfi, nema hvað varðar börn sem falla undir nýtt kerfi heimilistannlækna.

### Gögn sem unnið var með

Greiðslur ríkissjóðs vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu fara annars vegar í gegnum SÍ og hins vegar til heilbrigðisstofnana og var kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, heilsugæslu og hjá SÍ alls um 110 ma. kr. árið 2014. Nefndin skoðaði aðeins greiðslur vegna þjónustu sem fellur undir greiðslupáttöku.

Sjúkratryggingar Íslands útveguðu upplýsingar um allar greiðslur einstaklinga fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu sem eru með greiðslupáttöku sjúkratrygginga í 15 mánuði, frá júlí 2013 til september 2014, ásamt upplýsingum um mótframlag ríkisins. Upplýsingar í skýrslunni miða aðallega við gögn fyrir 12 mánaða tímabili frá október 2013 til september 2014. Vegna nánari skoðunar er bent á greiningarskýrslu Kristins Snævars Jónssonar sem er í fylgiskjali 2 með skýrslunni.

Samkvæmt gögnum SÍ voru greiðslur fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu sem falla undir greiðslupáttöku SÍ vegna um það bil 260.000 einstaklinga á þessu 12 mánaða tímabili (börn í fjölskyldu talin sem eitt) um 8,6 ma. kr.

Í töflu 1 er heildaryfirlit yfir kostnað við lyf og heilbrigðisþjónustu innan greiðslupáttöku á því 12 mánaða tímabili sem útreikningar miða við. Heildarkostnaður á tímabilinu var um 32,5 ma. kr., hlutur sjúkratrygginga um 23,9 ma. kr. eða 74% og hlutur notenda um 8,6 ma. kr. eða 26%. Þar sem nefndinni er ætlað að skila tillögum sem ekki hafa áhrif á heildarkostnað ríkissjóðs miða tillögur við að greiðslur notenda verði áfram 8,6 ma. kr.


Tafla 1. Greiðslur notenda og SÍ 1.10.2013–30.09.2014, skv. upplýsingum frá SÍ.

Heilbrigðiskostnaður	Greiðslur einstaklinga	Greiðslur sjúkratrygginga	Samtals
Sjúkrahúsþjónusta	139	321	460
Heilsugæsla og sérfræðiþjónusta	2.955	7.395	10.350
Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og fleira	1.344	1.959	3.303
Tannlækningar	534	2.368	2.902
Lyf	3.328	8.574	11.902
Hjálpartæki	207	2.759	2.966
Heilbrigðisþjónusta ótalin annarsstaðar	108	534	642
Samtals	8.615	23.910	32.525

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands námu heilbrigðisútgjöld alls 173 milljörðum króna árið 2014; þar af greiddu heimili 31 milljarð eða um 19%. Í ljós kom að í tölum Hagstofunnar eru ýmsar vörur sem sjúkratryggingar taka ekki þátt í að greiða eins og vítamín og lyf án greiðsluþátttöku. Einnig eru í tölum Hagstofunnar umtalsverðar fjárhæðir vegna þjónustu sem ekki fellur undir greiðsluþátttöku og vegur tannlæknakostnaður fullorðinna þar þyngst. Skýrir þetta mismuninn.


### Greiðslur og notkun þjónustu eftir mánuðum

Í þessum kafla er greining á því hvernig greiðslur skiluðu sér samkvæmt þeim gögnum sem unnið var með. Mynd 2. sýnir að greiðsluþátttaka einstaklinga fór vaxandi á því 12 mánaða tímabili sem greining byggir á. Leitnilína (trend line) sýnir að vöxturinn er  $0,0002 \times 365 = 0,073$  eða um 7%. Þessi hallatala ræðst af því að reikningar stofnana skiluðu sér ekki með sama þunga allt tímabilið; þar sem verið var að „innleiða“ lyfjakerfið skiluðu greiðslur fyrir lyf sér betur er leið á árið. Einnig hafði hækkun á greiðsluþátttöku í ársbyrjun áhrif.



Mynd 2. Greiðsluþátttaka einstaklinga eftir mánuðum.

Á mynd 3 sést að öryrkjar og ellilífeyrisþegar nota heilbrigðiskerfið mun meira en aðrir hópar. Um 70% þeirra notuðu þjónustuna í hverjum mánuði en almenningur og börn nota kerfið miklum mun minna og aðeins um 30–40% í mánuði.



Mynd 3. Hlutfall hvers hóps sem naut endurgreiðslu fyrir lyf eða heilbrigðisþj. í hverjum mánuði á tímabilinu.

### Greiðslur notenda eftir kostnaðarbílum

Í töflu 2 sést að 122.157 af 240.461, þ.e. 50,8% eða meira en helmingur landsmanna, greiða minna en 25.000 kr. á þessu 12 mánaða tímabili fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða. (Miðtalan er nákvæmlega 22.623). Einnig sést að yfir 1.025 manns greiða meira en 200.000 kr. og 28 borga meira en hálf milljón króna.

Tafla 2. Fjöldi notenda eftir greiðslubílum í núverandi kerfi, okt. 2013 til sept. 2014. A=almennir, E=ellilífeyrisþegar, U=börn og ungmenni, O=öryrkjar.

Greiðslur notenda í núverandi kerfi frá okt. 2013 til sep. 2014																
		Fjöldi á hverju bíli					Fjöldi sem greiðir meira en neðra bíl					Hlutfall sem greiðir meira en neðra bíl				
		A	E	U	O	Allir	A	E	U	O	Allir	A	E	U	O	Allir
-400.000	-3.001	364	20	191	39	614	145.790	35.573	46.915	17.064	245.342	100,8%	101,1%	107,1%	100,9%	102,0%
-3.000	0	860	376	2.923	108	4.267	145.426	35.553	46.724	17.025	244.728	100,6%	101,1%	106,7%	100,6%	101,8%
1	25.000	70.381	9.149	33.933	4.841	118.304	144.566	35.177	43.801	16.917	240.461	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
25.001	50.000	38.295	13.676	6.485	5.471	63.927	74.185	26.028	9.868	12.076	122.157	51,3%	74,0%	22,5%	71,4%	50,8%
50.001	75.000	18.435	7.325	1.804	3.492	31.056	35.890	12.352	3.383	6.605	58.230	24,8%	35,1%	7,7%	39,0%	24,2%
75.001	100.000	8.721	2.977	605	1.726	14.029	17.455	5.027	1.579	3.113	27.174	12,1%	14,3%	3,6%	18,4%	11,3%
100.001	125.000	4.103	1.245	413	781	6.542	8.734	2.050	974	1.387	13.145	6,0%	5,8%	2,2%	8,2%	5,5%
125.001	150.000	2.121	493	203	325	3.142	4.631	805	561	606	6.603	3,2%	2,3%	1,3%	3,6%	2,7%
150.001	175.000	1.167	184	137	134	1.622	2.510	312	358	281	3.461	1,7%	0,9%	0,8%	1,7%	1,4%
175.001	200.000	621	55	88	50	814	1.343	128	221	147	1.839	0,9%	0,4%	0,5%	0,9%	0,8%
200.001	225.000	336	33	42	38	449	722	73	133	97	1.025	0,5%	0,2%	0,3%	0,6%	0,4%
225.001	250.000	179	13	27	12	231	386	40	91	59	576	0,3%	0,1%	0,2%	0,3%	0,2%
250.001	275.000	76	4	18	10	108	207	27	64	47	345	0,1%	0,1%	0,1%	0,3%	0,1%
275.001	300.000	50	4	12	5	71	131	23	46	37	237	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%
300.001	400.000	48	10	28	13	99	81	19	34	32	166	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%
400.001	500.000	18	5	3	13	39	33	9	6	19	67	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%
500.001	600.000	9	1	1	6	17	15	4	3	6	28	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
600.001	700.000	2	2	1	0	5	6	3	2	0	11	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
700.001	800.000	1	0	0	0	1	4	1	1	0	6	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
800.001	900.000	1	0	0	0	1	3	1	1	0	5	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
900.001	1.000.000	2	0	0	0	2	2	1	1	0	4	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
1.000.001	1.100.000	0	1	0	0	1	0	1	1	0	2	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
1.500.001	1.600.000	0	0	1	0	1	0	0	1	0	1	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
	Með + gr.	144.566	35.177	43.801	16.917	240.461										Lágmark: 374.909
	Allir á skrá	145.790	35.573	46.915	17.064	245.342		Miðtala	22.623							Hámark: 1.509.905

## Göngudeildarþjónusta og innlögn á spítala

Nefndin leggur til að ekki verði gerðar breytingar á greiðsluþátttöku fyrir þjónustu sem nú er ókeypis fyrir notendur. Nefndin ræddi hvort jafnræðis væri gætt á milli þeirra sem lagðir eru inn á spítala og fá ókeypis þjónustu og hinna sem sækja göngudeildarþjónustu og greiða þar fyrir nákvæmlega sömu þjónustu eins og rannsóknir, myndatökur (myndgreiningu) og heimsóknir til lækna og hjúkrunarfræðinga.

Tvö sjónarmið komu fram varðandi mismunandi gjaldtöku á legudeildum og göngudeilum. Annars vegar það sjónarmið að mismunun gæti átt sér þar sem jafnveikir sjúklingar gætu verið meðhöndlaðir á báðum tegundum deilda, og hinsvegar það sjónarmið að innlagðir sjúklingar væru veikari og því forsendur til að greiðslur væru mismunandi.

## Þættir nýs greiðsluþátttökukerfis

Í skýrslunni verður farið yfir einstaka þætti kerfisins og þá möguleika á útfærslum sem ræddir hafa verið í nefndinni. Um er að ræða fjóra meginþætti:

1. Greiðslukerfi (þrepaskipt – fljótandi summa).
2. Eitt kerfi eða tvö.
3. Trygging barna.
4. Skipting í hópa.

Tafla 3. Helstu þættir sem ræddir voru í nefndinni og atkvæði greidd um.

Greiðslukerfi		Eitt kerfi eða tvö		Trygging barna		Hópaskipting
Prepaskipt	<i>Tímabil:</i>	Eitt kerfi		Engin greiðsluþátttaka		4 hópar: Almennir, öryrkjar, aldraðir, börn
	12 mán. frá fyrstu notkun					
	Almanaksár			Greiðsluþátttaka	Börn mynda eina einingu í fjölskyldu	
12 mán. frá afmælisánuði	Börn mynda einingu með öðru (eldra) foreldri					
Fljótandi summa (PHB)		Tvö kerfi	Lyf sér			2 hópar: Almennir, börn
			Önnur heilbrigðisþjónusta sér			

Ath. Taflan var sett upp til að lýsa þeim kostum sem nefndin kaus um og gætu einhverjir af þeim kostum sem fram koma í töflu fallið út í kjölfar atkvæðagreiðslu.

Í næstu köflum verður fjallað um helstu þætti kerfisins sem raktir eru í töflu 3. Verður hverjum þætti lýst sem og sjónarmiðum með og á móti sem fram komu á fundum nefndarinnar.

---

# 1 Greiðslukerfi

---

## 1.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um þau tvö greiðslukerfi sem skoðuð voru, tvískipt þrepakerfi og greiðslujöfnunarkerfi sem er fljótandi summa kostnaðar og hefur einnig verið kallað „PHB-aðferð“. Einnig verður umfjöllun um hvaða 12 mánaða tímabil sé rétt að miða við í þrepakerfi. Byrjað verður á að lýsa nýju þrepaskiptu lyfjagreiðslukerfi sem tók gildi í maí 2013, en mikilvægt þykir að byggja á þeirri reynslu sem orðið hefur til við innleiðingu þess við mótun heildarkerfis fyrir greiðslupátttöku.

Lyfjakerfið er sniðið að norrænum kerfum þó að megingreiðslupátttökuprósentan (7,5%) sé mun lægri en í norrænu kerfunum þar sem hún er um 10–25%. Enn fremur var tekin upp skipting fullorðinna í almenna, öryrkja og aldraða sem ekki er notuð í norrænum kerfum. Til fróðleiks er í fylgiskjali 3 farið lauslega yfir helstu þætti í greiðslupátttökukerfum á öðrum Norðurlöndum.

Annað kerfið sem nefndin hefur skoðað er þrepakerfi sambærilegt að uppbyggingu og greiðslukerfi lyfja. Hitt er greiðslujöfnunarkerfi sem Dr. Pétur H. Blöndal hefur þróað og gert tillögu um að skoðað verði. Það byggir á fljótandi summu kostnaðar hvers notanda sem fer aldrei yfir ákveðið mark og ver þannig notandann fyrir háum greiðslum.

Þrepakerfi gengur út á að á 12 mánaða tímabili, sem hefst við fyrstu notkun eða við áramót, greiðir notandinn þjónustu/lyf að fullu upp að ákveðnu marki en síðan ákveðna prósentu af þjónustu/lyfjum þar til hámarki er náð. Kerfunum er lýst nánar síðar í skýrslunni.

Bæði kerfin miða við að SÍ haldi miðlæga skrá til að halda utan um greiðslur og kostnað við heilbrigðisþjónustu einstakra notenda. Þar verða allar færslur samtímaskráðar eins og í lyfjakerfi. Bæði kerfin takmarka kostnað einstaklinga jafnframt því að viðhalda kostnaðarvitund með þeirri kostnaðarhlutdeild sem fellur á notendur.

## 1.2 Lyfjagreiðslukerfi

Líta má á innleiðingu lyfjagreiðslukerfis sem skref í átt að réttlátara greiðslupátttökukerfi heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Var því ætlað að verja einstaklinga gegn háum kostnaði og tryggja jöfnuð milli sjúklingshópa. Með því var fallið frá mismunandi greiðslupátttöku eftir sjúkdómum og stefnt að því að takmarka kostnaðarbyrði þeirra sem allajafna nota mikið af lyfjum, en því fylgir að hlutdeild þeirra sem lítið nota eykst. Í starfi nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á að nýta reynslu af lyfjagreiðslukerfinu við mótun tillagna um nýtt greiðslupátttökukerfi fyrir bæði lyf og heilbrigðisþjónustu og komu starfsmenn lyfjagreiðslu SÍ á fundi nefndarinnar og kynntu lyfjakerfið.

Reynslan af lyfjagreiðslukerfinu hefur verið góð og hefur það stuðlað að hagkvæmari notkun lyfja og dregið úr sóun að mati starfsmanna lyfjagreiðslu SÍ.


Fram kom hjá starfsmönnum SÍ að rekstur lyfjagreiðslukerfisins hefur gengið hnökralítið og tæknilegir örðugleikar verið vel viðráðanlegir. Útreikningar á hlutdeild sjúkratrygginga og sjúkratryggðra í kostnaði við lyf eru einfaldari en áður og álitamál við afgreiðslu lyfjaskirteina færri. Helstu vandamál við útreikninga tengjast flutningi barna milli fjölskyldna, t.d. við skilnað eða upphaf sambúðar þar sem börn í sömu fjölskyldu greiða gjald sem einn notandi. Einnig eru algengar leiðréttingar vegna breyttrar greiðslustöðu einstaklinga, t.d. að almennur eða öryrki verður aldraður, almennur verður öryrki eða öryrki endurhæfist. Sjúkratryggingar telja þessi atriði þó ekki valda stórvægilegum vanda við rekstur kerfisins.

Í lyfjagreiðslukerfinu eru fjögur þrep og miðast greiðsluþátttaka við 12 mánaða tímabil frá fyrstu lyfjakaupum eftir að síðasta greiðslutímabili lauk. Í töflu 4 koma fram þrep, hlutfallsgreiðslur og þak lyfjakerfisins eins og það er frá 1. janúar 2015.

Tafla 4. Þrep í lyfjagreiðslukerfi almennra notenda og þeirra sem greiða 2/3 sem gilda frá 1. janúar 2015.

Þrep	Greiðsluviðmið almennir	Greiðsluviðmið 2/3 hluti	Hlutfall
1	22.000	14.500	100,0%
2	31.750	20.875	15,0%
3	62.000	41.000	7,5%
4	Eftir 62.000	Eftir 41.000	0,0%

Einstaklingar greiða að fullu fyrir lyf upp að 22.000 kr., þá eru greidd 15% af kostnaði upp að 31.750 kr., þá 7,5% af kostnaði þar til greiðslur ná þakinu eða greiðsluhámarkinu 62.000 kr. og greiðir notandi ekkert eftir það út 12 mánaða tímabilið. Aldraðir, öryrkjar og börn greiða 2/3 af því sem almennir notendur greiða og er hámarksgreiðsla þeirra á ári 41.000 kr. Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands teljast einn einstaklingur. Ungmenni 18–21 árs greiða einnig 2/3 hluta þess sem almennir notendur greiða fyrir lyf.



Mynd 4. Greiðsluþátttaka í 12 mánaða kostnaði v. lyfja.

Á mynd 4 sést að meginþungi greiðslna notenda felst í fullri greiðslu einstaklings upp að 22.000 kr. síðan greiða þeir 15% upp að 31.750 kr. og 7,5% þar til hámarki, kr. 62.000 er náð, sem gerist þegar lyfjakostnaður er kominn í 490.333 kr. á 12 mánaða tímabili. Fyrir lífeyrisþega, ungmenni og börn er greitt að fullu upp að um 14.500 kr. Hámarki greiðsluþátttöku, 41.000 kr., er náð hjá þeim hópum þegar lyfjakostnaður nær 325.333 kr.

### 1.3 Þrepakerfi

Þrepakerfi er annað þeirra greiðsluþátttökukerfa sem nefndin skoðaði. Það er eins uppbyggt og lyfjakerfið en hlutfallsþrep milli fullrar greiðslu og þaks er aðeins eitt í stað tveggja í lyfjakerfi. Hér fyrir neðan eru dæmi um útfærslur sem skila sömu heildargreiðslum einstaklinga eða 8,6 milljörðum kr. á ári eins og núverandi kerfi. Mögulegar útfærslur á greiðslureglum eru óteljandi þar sem hægt er að ná sömu greiðslum notenda með mismunandi samsetningu þrepa, hlutfallsgreiðslna og hámarksgræiðslna. Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi sem lýsa mismunandi útfærslum.

#### 1.3.1 Allir með sömu greiðsluforsendur í þrepakerfi

Í dæmi í töflu 5 greiða allir eftir sömu reglu, þjónusta og lyf eru í einu og sama kerfinu og börn með sama fjölskyldunúmer saman í hópi eins og í lyfjagreiðslukerfinu. Einstaklingur greiðir 100% kostnaðar upp að neðra þrepi (20.000 kr); frá neðra þrepi greiðir hann 21,12% heilbrigðiskostnaðar síns þar til uppsafnaður kostnaður á greiðslutímabili nær efra þrepi eða þaki (75.000 kr). Það sem eftir er kostnaðarárs greiðir hann ekkert í þessu dæmi eins og í lyfjagreiðslukerfinu. Kostnaðarar spannar 12 mánuði frá fyrstu greiðslu fyrir lyf og/eða heilbrigðisþjónustu eftir að síðasta kostnaðarári lauk. Þá fer viðkomandi aftur á byrjunarreit með engan skráðan kostnað.

Áhrif á greiðslu hópanna í heild koma fram í aftasta dálki í töflu 5. Heildargreiðslur almennra notenda lækka um rúman milljarð en greiðslur annarra hópa hækka um sömu fjárhæð alls frá því sem nú er. Í dæmi í töflu 5 færast um 12% af heildargreiðslum almennra notenda (1.070 kr. af 8.613,7) til annarra hópa, aðallega barna en einnig elli- og örorkulífeyrisþega.

Tafla 5. Þrepakerfi þar sem sömu greiðsluforsendur gilda fyrir alla notendur heilbrigðisþj. Núverandi skipting í hópa er: A=almennir, E=aldraðir, O= öryrkjar og U=börn og ungmenni. Hér greiða allir eftir sömu reglu.

Nr. 68	Tví-þrepaskipt grpt.kerfi			
Hópur	NeðraPrep	Grpt%	EfraPrep	BreytÚrNúv
O	0	0,00%	0	0
A	20.000	21,12%	75.000	-1.070
E	20.000	21,12%	75.000	198
O	20.000	21,12%	75.000	81
U	20.000	21,12%	75.000	791
8.613,7	8.613,7	0	Nr. 68	0

Eitt af því sem ákveða þarf við mótun greiðsluþátttökukerfis er hvort sama greiðsluregla skuli gilda fyrir alla einstaklinga eða að greiðslureglur séu mismunandi milli hópa til að stýra greiðslubyrði hvers hóps. Dæmið sem hér er til umræðu sýnir tilflutning á greiðslubyrði frá almennum notendum til annarra hópa. Í nefndinni kom fram það sjónarmið að óásættanlegt sé að stilla upp kerfi þar sem kostnaðarhlutdeild barna eykst jafn mikið og dæmið í töflu 5 sýnir.

Einnig kom fram sú skoðun í nefndinni að þessi tilfærsla milli hópa skipti minna máli miðað við þann ávinning sem felst í að verja alla, óháð hvaða hópi þeir tilheyra, fyrir háum kostnaði. Þar sem aldraðir og öryrkjar þurfa að jafnaði meira á heilbrigðisþjónustu að halda en almennir nýtist vörn gegn háum útgjöldum þeim best. Ljóst er að allir verða fyrir einhverjum en mismiklum áhrifum í breyttu kerfi, annaðhvort til lækkunar eða hækkunar. Sjá nánar áhrif á einstaka hópa í greiningarskýrslu.

Nefndin ræddi ýtarlega hvort þessi skipting í hópa væri málefnaleg hvað varðar greiðslugetu, tekjur og eignir, sérstaklega er aldraða varðar. Sjá nánar síðar í skýrslu þessari í greiningu á tekjum lífeyrisþega (fylgiskjali 4) og í greiningarskýrslu (fylgiskjal 2). Þá var ræddur sá möguleiki að mynda hóp fullorðinna með lágar tekjur í stað skiptingar í almenna og lífeyrisþega.

### 1.3.2 Mismunandi greiðsluforsendur í þrepakerfi

Til að ná því markmiði að greiðslubyrði lækki hjá tilteknum hópum (þ.e. þeim sem nota mikla heilbrigðisþjónustu og lyf) og velta henni yfir á annan hóp innan greiðsluþátttökukerfisins þarf að hafa þrep og hlutfallsgreiðslu mismunandi milli hópa. Í töflu 6. er dæmi um slíka útfærslu. Í dæminu lækkar greiðslubyrði í hópum E, Ö og U en eykst í hópi A um 287 m.kr. Að vísu væri hægt að ná slíkri jöfnun gegnum félagslegt bótakerfi eins og síðar verður vikið að.

Tafla 6. Greiðsluþátttökukerfi með tvískiptum þrepum og lækkuðum kostnaði hjá hópum E, Ö og U.

Nr. 66	Tví-þrepaskipt grpt.kerfi			
Hópur	NeðraPrep	Grpl%	EfraPrep	BreytÚrNúv
Ö	0	0,00%	0	0
A	28.000	28,80%	120.000	287
E	15.000	15,00%	84.000	-54
O	6.400	15,40%	84.000	-85
U	5.000	20,00%	20.000	-146
8.613,7	8.616,6	3	Nr. 66	3

### 1.3.3 Grunnár greiðsluþátttöku í þrepakerfi

Rætt hefur verið um þrjár leiðir varðandi grunnár réttindaútreiknings í þrepakerfi. Almanaksárið, 12 mánuði frá innkomu í kerfið (12 fljótandi mánuðir) og að miða við afmælimánuð einstaklings. Nú er 12 mánaða fljótandi kerfi notað í lyfjakerfi. Vert er að skoða kosti og galla allra leiða.

Kostir þess að miða við almanaksárið eru þeir að það er einfalt í framkvæmd, m.a. hvað varðar breytingar á þrepum og greiðsluhlutfalli. Hins vegar getur mikill kostnaður lent á einstaklingi sem er með há heilbrigðisútgjöld báðum megin við áramót. Ef veikindi hefjast t.d. í nóvember og viðkomandi greiðir þá upp í hámark núllstillist kerfið um áramót og þarf viðkomandi þá að greiða upp í nýtt þak á þriðja mánuði veikinda ef mikill kostnaður fellur til þá. Þetta er ókostur við þrepakerfið yfirleitt. Ef þrepakerfi er miðað við áramót þá greiðir ríkið mjög lítið í upphafi árs þar sem notendur greiða almennt að fullu, en hlutur ríkisins hækkar svo er líður á árið þannig að greiðsludreifing í útgjöldum ríkisins verður ójöfn.

Með 12 mánaða fljótandi grunnári er meiri trygging fyrir notendur gegn háum kostnaði en ef miðað er við almanaksár þar sem alltaf eru 12 mánuðir undir við útreikning á hámarki. Flóknara er að gera breytingar á þrepum og öðrum stuðlum kerfisins en ef miðað er við almanaksár þar sem einstaklingar eru staddir á mismunandi stað á greiðsluári sínu hverju sinni.

Í 12 mánaða fljótandi kerfi er mögulegt að hamstra lyf og lengja þannig greiðslutímabilið, t.d. með því að kaupa þriggja mánaða birgðir við lok greiðslutímabils þegar viðkomandi er kominn upp í hámarkið. Ef miðað er við afmælimánuð er slíkt ekki hægt. Þetta hefur hins vegar ekki verið reynt áður og því ákveðin óvissa um framkvæmdina. Hamstur hefur ekki verið vandamál í nýja lyfjagreiðslukerfinu fram að þessu.

Það var niðurstaða nefndarinnar að ekki væri ástæða til að breyta grunnári frá því sem nú er í lyfjakerfi.

## 1.4 PHB-aðferð

Í þessum hluta verður fjallað um mismunandi útfærslur á aðferð sem er sett var fram af Dr. Pétri H. Blöndal og nefnd hefur verið PHB-aðferð í umfjöllun nefndarinnar.



### 1.4.1 Sama greiðsluregla fyrir alla

Í PHB-kerfi er sett hámark á kostnað notanda í yfirstandandi mánuði og fimm undangengnum mánuðum. Þetta hámark er grunnþáttur kerfisins. Kerfið er stillt af með grunntölu fyrir mánaðarlegan kostnað. Kerfið núlstillist ekki við lok 12 mánaða tímabils eins og í þrepaskiptu aðferðinni sem tryggir jafnari greiðslur notenda.

Mánaðarleg grunntala sem gefur þá heildargreiðslu sem sóst er eftir gæti svo dæmi sé tekið verið 5.000 kr. Hæsta greiðsla þegar fyrst er komið inn í kerfið er sexföld grunntala vegna þess að Sí greiða allan kostnað sem fer umfram sexfalda grunntölu, í þessu dæmi 30.000 kr. Þessi kostnaður sjúklings er svo lækkaður um 5.000 kr. í byrjun næsta mánaðar og verður 25.000 kr. Ef hann er með kostnað þann mánuð, t.d. 9.000 kr. þá greiða Sí 4.000 kr. því það er umfram 30.000 kr. markið en sjúklingsurinn greiðir 5.000 kr. Í töflu 7 hér fyrir neðan er einfalt dæmi um hvernig greiðslur ákvarðast. Dökkir reitir sýna raunverulega greiðslu en þeir ljósu sýna forsendur sem byggt er á við útreikning greiðslunnar fyrir það sex mánaða tímabil sem horft er til hverju sinni. Aftasti dálkurinn sýnir heildargreiðslur á hverju sex mánaða tímabili.

Tafla 7. Ákvörðun greiðslna í PHB-kerfi.

Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sep	Oct	Nov	Dec	Jan	Alle greitt per 6 mán.
					30.000								30.000
	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000							30.000
				5.000	5.000	5.000			15.000				30.000

Í dæmi í töflu 8 (nr. 68 í greiningarskýrslu) eru bæði heilbrigðisþjónusta og lyf í einu greiðsluþátttökukerfi. Miðað er við að börn innan fjölskyldu myndi eina einingu og að sama greiðsluregla gildi fyrir alla.

Tafla 8. Öll heilbrigðisþjónusta og lyf sem Sí taka þátt í að greiða eru í sama kerfi, sömu greiðslureglur gilda um alla. Börn eru einn hópur á hverju fjölskyldunúmeri.

PHB-aðferð í grpt. kerfi		
Hópur	Grunntala	BreytÚrNúv
0	0	0
A	4.138	-747
E	4.138	-10
O	4.138	-64
U	4.138	822
m.v.Fj.mán:	6	1

Einungis grunntalan 4.138 í PHB-kerfinu gefur 8.614 m.kr. notendagreiðslur eins og krafa er gerð um að kerfið skili. Með þeirri tölu er hámarks „högg“ sem notandi getur orðið fyrir eftir að hafa verið kostnaðarlaus í a.m.k. sex mánuði sexföld sú upphæð eða 24.828 kr. Í þessu dæmi minnkar greiðslubyrði allra hópa nema U þar sem hún eykst tilsvarendi á móti. Þetta er óhjákvæmilegt þar sem forsendan var sú að sama greiðsluregla, grunntala, gildi fyrir alla. Í ofangreindu dæmi sést að áhrifin á greiðslubyrði hópanna innbyrðis eru talsvert öðruvísi en með þrepaskiptri aðferð.

### 1.4.2 PHB-aðferð Mismunandi greiðslureglur (grunntala) eftir hópum

PHB-aðferðin felur í sér greiðslujöfnun þar sem tekið er tillit til uppsafnaðs kostnaðar í yfirstandandi mánuði og fimm mánuðum þar á undan og hann borinn saman við sexfalda grunntölu. Dæmi í töflu 9 (dæmi 66 í greingarskýrslu) sýnir mismunandi grunntölu hópa í PHB-aðferðinni. Með því að breyta grunntölunni er hægt að stýra greiðslubyrði milli hópa eins og hægt er í þrepakerfi. Breyting á greiðslubyrði í töflunni er mæld út frá greiðslubyrði í núverandi kerfi.

Tafla 9. Mismunandi greiðsluviðmið (grunntala) eftir hópum í PHB-aðferð.

PHB-aðferð í grpt.kerfi		
Hópur	Grunntala	BreytÚrNúv
0	0	0
A	5.632	288
E	4.000	-59
O	4.000	-87
U	1.500	-142
m.v.Fj.mán:	6	0

 PHB A: Gruntala kr:5957, Hám.kr:101269; E: Gr. tala kr: 4167, Hám:70839; Ö: Gr. tala 4522, Hám:76874; U: Grtala: 1839, Hám:31263. MánFj:6. Hám.í dæmi kr:86192

Fjöldi notenda eftir árskostnaðarbílum hópa með PHB-aðferð yrði þá eftirfarandi:

Tafla 26. Börn og ungmenni með gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu (hópur o) en með óbreytta greiðsluþátttöku í lyfjum (hópur U): Fjöldi notenda eftir árskostnaðarbílum.

Fjöldi notenda í hóp eftir kostnaðarbílum á ári (Okt.2013-Sept.2014). PHB-aðf Nr. 99									
Kostn frá k	20.000	40.000	60.000	80.000	100.000,01	Samtals	Hlutfall		
- að kr	20.000	40.000	60.000	80.000	100.000	∞	1 hópa		
0	44.118	0	0	0	0	0	15,3%		
A	62.268	27.390	23.674	47.627	238	0	55,8%		
E	2.602	3.575	29.396	0	0	0	12,3%		
O	1.479	1.454	14.086	45	0	0	5,9%		
U	24.168	6.704	0	0	0	0	10,7%		
Alls	134.635	39.123	67.156	47.672	238	0	288.824 100,0%		

Skýringar líta: Línur hópa í kostnaðarbílum sem ein heild.

Nokkur munur er á fjölda notenda eftir bilum í hópum A og U í þessu dæmi og nr. 96 í töflu 22. Til dæmis yrðu nú færri notendur í hópi A með árskostnað á efsta upphæðabilinu en aftur á móti fleiri í hópi U á herra bili en í dæmi 96.

### 3.2.1 Rök fyrir að greitt sé fyrir þjónustu við börn

- Getur aukið kostnaðarvitund sem sumir nefndarmenn telja að geti fækkað óþörfum heimsóknnum í heilbrigðiskerfið.
- Ef þjónustan er gjaldfrjáls er hætta á soun þar sem fólk átti sig ekki á þeim verðmætum sem um er að ræða. Gæti t.d. komið þannig fram að það mæti ekki í bókaða tíma.

### 3.2.2 Rök fyrir að ekki sé greitt fyrir þjónustu við börn

- Það sjónarmið kom fram að kostnaðarvitund væri ekki afgerandi þáttur við ákvörðun um að sækja heilbrigðisþjónustu þar sem fólk færi ekki með börn til læknis að óþörfu.
- Einfaldar framkvæmd þar sem ýmsar sérlausnir greiðsluþátttökukerfisins sem rætt hefur verið um snúa að börnum (t.d. hvort börn myndi sérhóp eða hóp með öðru foreldri).
- Samkvæmt upplýsingum frá nefndarmanni var skoðað hvernig notkun þjónustu breyttist við það að hún varð gjaldfrjáls fyrir börn á bráðamóttöku Landspítala (LSH). Niðurstaðan var að það hafði engin áhrif.
- Barnafjölskyldur á að verja fyrir kostnaði.
- Ungt barnafólk og einstæðar mæður með börn standa oft það illa fjárhagslega að þeir hópar eiga erfitt með að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu.

### 3.2.3 Niðurstaða atkvæðagreiðslu

Nefndin kaus um það hvort foreldrar barna skyldu njóta ókeypis heilbrigðisþjónustu vegna barna. Varðandi þennan þátt skiptist nefndin í tvo næstum jafnstóra hópa; meirihluti samþykkti gjaldtöku vegna barna fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu í nýju greiðsluþátttökukerfi. Einnig var mikill stuðningur við að heilbrigðisþjónusta barna væri gjaldfrjáls en að greitt væri fyrir lyf þeirra með sama hætti og verið hefur þannig að öll börn í sömu fjölskyldu verði talin sem eitt og greiði 2/3 hluta af almennum kostnaði eins og öryrkjar, aldraðir og ungmenni yngri en 21 árs.<sup>5</sup> Nefndin taldi að nýtt kerfi um tannlækningar barna ætti að vera óbreytt, a.m.k. meðan á uppbyggingu þess stendur. Einnig var skoðaður sá möguleiki að börn mynduðu hóp með öðru foreldri í stað þess að börn myndi sérhóp eins og í lyfjakerfi. Sú tillaga var felld.

## 3.3 Börn sérhópur eða í hópi með öðru foreldri

Ræddar voru tvær útfærslur á því hvernig börn mynduðu hóp. Annars vegar að þau verði sérhópur eins og í lyfjakerfi og hins vegar að börn myndi hóp með öðru foreldri. Seinni leiðin er ný og er ætlað að tryggja vernd barnafjölskyldna betur.

### 3.3.1 Rök með því að börn í fjölskyldu myndi hóp með öðru foreldri

- Trygging verður meiri þar sem hámark gildir fyrir öll börn og annað foreldri. Fjölskylda getur borgað hámark þrisvar við það kerfi sem er í lyfjakerfi en aðeins tvisvar ef barn myndar hóp með öðru foreldri og einu sinni ef um einstæða foreldra er að ræða.

<sup>5</sup> Miðað við tvö kerfi þá verði öll heilbrigðisþjónusta gjaldfrjáls fyrir börn, en börn greiði lægra gjald en almennir fyrir lyf eins og nú er: Sigurður, Rúna, Sigrún og Álfheiður.

Einhver greiðsluþátttaka barna í lyfjum og þjónustu: Margrét Björk, Ingibjörg, Pétur, Viðar og Kristinn og Ragnheiður.

### 3.3.2 Rök á móti því að börn myndi einn hóp með foreldri

- Freistnivandi fyrir lækna sem felst í að allur kostnaður fjölskyldu verði færður á foreldri og barn saman í hóp þegar þau hafa komist í hámarkið.
- Getur jafnvel skapað úlfuð milli foreldra þegar ákveða skal hvoru þeirra barnið skuli tilheyra í greiðsluþáttökukerfinu ef foreldrar eru ekki í sömu fjölskyldu þar sem það getur snúist um fjárhagslega hagsmuni.
- Ekki sama fyrirkomulag og í lyfjakerfi.
- Úfærsla getur verið flókin eða ósanngjörn eftir því hvernig börn mynda hóp með foreldri. Ekki réttlátt að börn myndi alltaf hóp með eldra foreldri og ef þau eiga að vera í hóp með því foreldri sem gefur hagstæðari niðurstöðu er það flókið og forsendur síbreytilegar.

### 3.3.3 Rök með og móti því að börn í fjölskyldu myndi sér hóp

Rök með:

- Sama og nú er notað í lyfjakerfi og hefur reynst vel.

Rök á móti:

- Ekki eins góð trygging og ef börn eru með öðru foreldri.

### 3.3.4 Niðurstaða atkvæðagreiðslu

Niðurstaða atkvæðagreiðslu var að börn mynduðu sérhóp eins og nú er í lyfjakerfi.<sup>6</sup>

---

<sup>6</sup> Pétur H. Blöndal vildi að börn fylgdu öðru foreldri, en Rúna, Sigurður, Sigrún, Álfheiður, Ingibjörg, Kristinn, Viðar, Margrét Björk og Ragnheiður vildu að börn væru sér hópur eins og í lyfjakerfi.



---

## 4 Á gjaldtaka að byggja á stöðu?

---

Samkvæmt lögum skal gjald fyrir heilbrigðisþjónustustu og lyf vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum (foreldrum þeirra), sbr. 1. tölulið 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Í 6. tölulið 29. gr. kemur fram að gjald fyrir lyf hjá öldruðum, öryrkjum, börnum og ungmennum á aldrinum 18–21 árs skuli ekki vera hærra en 2/3 af gjaldi annarra sjúkratryggðra.

Fram kom það sjónarmið að flokkun sjúkratryggðra í almenna og lífeyrisþega sé ekki málefnaleg og endurspegli greiðslugetu ekki nægilega vel og því ætti ekki að byggja greiðsluþátttökukerfið á henni. Lagðar voru fyrir nefndina upplýsingar um tekjur elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt tekjuáætlun fyrir árið 2015 (*sjá fylgiskjal 4.*). Talsmenn þessa sjónarmiðs telja að stuðningur gegnum þetta kerfi nái ekki til alls fólks með lág laun og einnig renni hann að einhverjum hluta til fólks sem ekki þurfi á honum að halda. Einnig kom fram það sjónarmið að verja þyrfti lífeyrisþega fyrir fullri greiðsluþátttöku þar sem fjárhagsleg staða margra í hópi aldgraða og öryrkja væri veik og því skyldi halda hópaskiptingu.

Þeir sem töluðu fyrir því að allir fullorðnir greiði sama gjald telja að með því móti verði greiðsluþátttökukerfið einfaldara í framkvæmd. Félagslegur stuðningur við fólk með lág laun komi í staðinn sem sé mun markvissari leið til að ná til þeirra sem höllum fæti standa fjárhagslega og þurfa í raun á stuðningi að halda.

Hugsanlega mætti taka upp nýja merkingu, L-merkt, í stað Ö-merkt eða E-merkt. Það væru einstaklingar með lágar ráðstöfunartekjur á síðasta ári. Þó yrði að telja námslán með ráðstöfunartekjum því þar er verið að lána fyrir framfærslu á meðan viðkomandi er að fjárfesta í menntun. Þeir sem væru L-merktir fengju stuðning sjálfkrafa frá almannatryggingum ef greiðsluþátttakan yrði þeim ofviða. Í tengslum við þessa umræðu komu upp sjónarmið sem varða skattsvik.

Samkvæmt reglugerð um endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálpi, lyf og þjálfun (nr. 318/2013) er veittur fjárstuðningur til einstaklinga undir ákveðnum tekjumörkum sem sækja þarf um. Nefndarmenn töldu þá leið óásættanlega til að koma leiðréttingu á félagslegum forsendum til skila. Ef slíkur stuðningur kæmi í stað núverandi hópaskiptingar yrði að veita hann með rafrænum hætti um leið og greitt væri fyrir þjónustu eða lyf þar sem annars væri hætt á að viðkomandi gæti ekki lagt út fyrir þjónustunni.

### 4.1 Tvenns konar hópaskipting í gildi

Í núverandi reglugerð um kostnaðarhlutdeild í heilbrigðisþjónustu er mjög flókin útfærsla á hópaskiptingu byggð á stöðu þar sem mismunandi gjaldtaka er fyrir hvern neðangreindra hópa:

1. Sjúkratryggðir almennt.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort.

Í lyfjakerfi hefur verið komið á einfaldari flokkun sem stenst framangreind skilyrði laga með tveimur greiðsluhópum. Síðari hópurinn greiðir 2/3 af því sem almennir greiða með því að þrep eru lægri sem því nemur. Hópaskiptingin er:

1. Almennir.

## 2. Aldraðir, börn, ungmenni og öryrkjar.

Í umræðum í nefndinni kom fram að flestir vildu að aldraðir og lífeyrisþegar greiddu minna en almennir notendur og hölluðust flestir að því að færa hópaskiptingu að því sem er í lyfjakerfi. Ekki kom fram vilji til þess að hverfa frá sérstakri meðhöndlun barna enda hafa þau almennt ekki tekjur og heilbrigðiskostnaður vegna þeirra að jafnaði greiddur af foreldrum/aðstandendum sem eru í margs konar stöðu. Einnig kom fram tillaga að nýrri hópaskiptingu.<sup>7</sup>

### 4.2 Rök með því að sleppa hópaskiptingu

Hér koma fram helstu rök sem talsmenn þess að leggja af hópaskiptingu lögðu fram á fundum nefndarinnar.

- Hópaskiptingin er ekki málefnalegur grundvöllur til að gera upp á milli einstaklinga. Einhver hluti öryrkja og stærri hluti aldraðra er vel stæður með góðar tekjur og eignir og þarf ekki að njóta sérkjara í greiðslukerfinu (sjá fylgiskjal 4). Láglaunafólk sem þarf á stuðningi að halda verður útundan.
- Flækjustig er mikið vegna hópaskiptinga, sérstaklega þegar þegar leiðrétt þarf vegna breyttrar stöðu aftur í tímann. Almennur verður öryrki eða aldraður og öryrki endurhæfist og verður almennur.
- Hægt er að styðja lágtekjufólk með mun markvissari hætti með því að horfa á tekjur.
- Hægt er að veita fólki sem er undir ákveðnu tekjuviðmiði sjálfkrafa endurgreiðslu þegar greitt er fyrir þjónustu svo kostnaður verði viðráðanlegur fyrir þennan hóp. Gegn þessu mæla skattsvik.
- Hafa ber í huga að sameining á greiðslubáttökukerfum með þaki nýtist öldruðum og öryrkjum best þar sem flestir sem greitt hafa mjög mikið eru úr þessum hópum.
- Veita mætti félagslegan stuðning gegnum reglugerð um endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og þjálfun (nr. 318/2013) sem er leiðrétting eftir á.
- Hópaskipting er almennt ekki til staðar á Norðurlöndunum sem við berum okkur oftast saman við.

### 4.3 Rök með skiptingu í hópa

Hér koma fram helstu rök sem talsmenn þess að halda hópaskiptingu lögðu fram á fundum nefndarinnar.

- Með hópaskiptingu er mögulegt að styðja tiltekna hópa með því að hlífa þeim við fullri greiðslubáttöku. Annars vegar börnum (barnafjölskyldum) og hins vegar hópum sem hafa minni fjárráð en almennt gerist.
- Ekki er hægt að treysta á að félagslega kerfið komi til móts við þá sem á þurfa að halda verði hópaskiptingin lögð af. Til þess er félagslega kerfið of veikt. Þeir hópar sem nú njóta sérkjara hafa almennt ekki bætt stöðu sína nægilega til að standa jafnfætis öðrum og því mega þeir ekki við að missa þennan stuðning. Sem dæmi má nefna að hópar eldri kvenna eru með mjög takmörkuð lífeyrisréttindi.
- Reglugerð um endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og þjálfun (nr. 318/2013) á að styðja þá sem verða fyrir miklum heilbrigðiskostnaði en reglugerðin hefur ekki virkað. Hún getur því ekki komið í stað jöfnunarhlutverks hópaskiptingar.

<sup>7</sup> Fram kom tillaga um afsláttarhóp sem kom ekki til atkvæðagreiðslu. Samkvæmt tillögunni skulu þeir sem greiða hámark eða nálægt því í PHB-aðferðinni fá afslátt, þ.e. lægri grunntölu árið á eftir. Þetta væri því breytilegur hópur einstaklinga sem greiði hámark eða mjög nálægt hámarki til langframa. Með þessu móti væri komið betur til móts við þá sem greiða mikið fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu að staðaldri.

- Ekki er rétt að miða við framtaldar tekjur þar sem uppgefnar tekjur gefa ekki alltaf rétta mynd af fjárhagsstöðu viðkomandi, t.d. vegna skattsvika.
- Engin vandamál eru við að halda utan um mismunandi hópa og leiðréttingar vegna færslu milli hópa.
- Ekki kom fram vilji til þess að hverfa frá sérstakri meðhöndlun barna enda hafa þau almennt ekki tekjur og heilbrigðiskostnaður vegna þeirra er að jafnaði greiddur af foreldrum sem eru í margs konar stöðu.

#### 4.4 Niðurstaða atkvæðagreiðslu um hópaskiptingu

Margir nefndarmenn voru mótfallnir því að leggja af hópaskiptingu. Töldu þeir viðkomandi hópa enn þurfa stuðning og treystu ekki á að stuðningur félagskerfisins kæmi í staðinn, t.d. vegna þess að tölvakerfi væru ekki tilbúin undir slíka framkvæmd. Þeir sem lögðu til að hópaskipting væri lögð af og aðeins börn greiddu lægra studdu mál sitt þeim rökum hópaskipting endurspeglaði ekki greiðslugetu og án hópaskiptingar væri framkvæmd einfaldari.

Ekki var stuðningur við þá útfærslu sem er á hópaskiptingu í reglugerð um kostnaðarpáttöku í heilbrigðisþjónustu, en þess í stað horft á hópaskiptingu í lyfjakerfi. Ljóst er að með þeirri hópaskiptingu einfaldast umsýsla og einnig er það til bóta að hópaskiptingin sé eins, en það er m.a. ein forsenda þess að sameina kerfin síðar.

Niðurstaðan varð eftirfarandi: Nefndin samþykkti að halda skiptingu í almenna, öryrkja og aldraða auk barna og ungmenna varðandi greiðslupáttöku í heilbrigðiskerfi. Þannig verði hópaskipting hin sama þar og í lyfjakerfi.<sup>8</sup>

---

<sup>8</sup> Hópaskipting eins og í lyfjakerfi, þ.e. almennir annars vegar og aldraðir, börn, ungmenni og öryrkjar hins vegar, kusu Ingibjörg, Margrét Björk, Kristinn, Sigrún og Álfheiður. Einn hóp fyrir fullorðna og börn sér: Pétur og Sigurður völdu þann kost (sjá jafnframt neðanmálgrein á bls 31. varðandi afstöðu Sigurðar).

## 5 Greiðslupátttaka og notkun þjónustu

Breytingar sem verða á greiðslum notenda fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu í nýju greiðslupátttökukerfi geta haft áhrif ánotkunina. Eftirspurn eftir heilbrigðisþjónusta lýtur að einhverju leyti sömu lögmálum og eftirspurn eftir annarri þjónustu þannig að verð hefur áhrif á notkun. Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins lýsti yfir áhyggjum af að eftir að hámarksverð er náð og ekki þarf að greiða fyrir þjónustuna gæti notkun og þar með kostnaður ríkissjóðs aukist. Lagði hann fram minnisblað þar að lútandi (sjá fylgiskjal 5). Ráðuneytið leggur áherslu á að jafnhliða nýju greiðslupátttökukerfi verði gerðar ráðstafanir svo tryggja megi að fjárhagsrammi sem greiðslupátttöku ríkissjóðs í heilbrigðisþjónustu er settur á hverjum tíma haldi. Gagnrýni kom fram á þessa afstöðu þar sem hún fæli í sér strangara aðhald að niðurgreiðslu á þessari þjónustu en ýmsum öðrum þáttum í rekstri ríkissjóðs. Sveigjanleiki til að grípa til ráðstafana ef kostnaður stefndi í að fara fram úr fjárheimildum myndi fela í sér yfirgripsmikið reglugerðarvald. Það kallar aftur á skammtíma lausnir og „geðþótta“ ákvarðanir og eyðileggur alla tryggingarvernd hins sjúkratryggðra. Þetta þurfi allt að vera bundið í lög. Vegna þessarar gagnrýni vildi fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins að fram kæmi að afstaða ráðuneytisins væri í samræmi við t.d. 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þess efnis að „Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.“ Nánar er fjallað um þessi atriði í reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, s.s. í 6. gr. um að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárheimildir, 14. og 15. gr. um skyldur forstöðumanna og 12. gr. um eftirlit með ársáætlunum, en þar er bæði fjallað um skyldur forstöðumanna og ráðuneyta til að tryggja að samræmi sé milli útgjalda og áætlunar – sem byggja á þeim fjárveitingum sem úthlutað sé af Alþingi á fjárlögum á hverjum tíma.

Fram kom sú skoðun að mánaðarlegar greiðslur í PHB-kerfi gætu stuðlað að betri kostnaðarvitund notenda og þannig dregið úr notkun umfram það sem nauðsynlegt er. Einnig kom fram sú skoðun að fjárhæð sem greidd væri í PHB-kerfi gæti verið of lág til þess að kostnaðarvitund skapaðist. Í þrepakerfi geta komið mánuðir án þess að nokkuð þurfi að greiða sem gæti haft áhrif til aukningar á notkun.

Í nefndinni var talsverð umræða um vandamál vegna mikils upphafskostnaðar notenda í heilbrigðis-kerfinu sem verður væntanlega enn meiri í nýju kerfi. Við upphaf greiðslutímabils þegar greiða skal 100% gætu einstaklingar þurft að borga fjárhæðir sem þeir gætu ekki eða veigruðu sé við að leggja út fyrir, sjá t.d. umfjöllun í *Læknablaðinu* um þennan vanda.<sup>9</sup> Þar með væri hætta á að einstaklingar sæktu ekki nauðsynlega þjónustu sem gæti bæði skapað hættu fyrir viðkomandi einstakling og valdið meiri kostnaði síðar. Í umræðum var þetta sérstaklega nefnt í sambandi við sjúkráþjálfun þar sem notendur greiða fyrstu skipti að fullu. Þetta gæti leitt til þess að fólk nýtti sér ekki þjónustuna sem aftur gæti leitt til meiri heilbrigðiskostnaðar síðar.

### 5.1 Þjónustustýring og hlutverk heilsugæslu

Fjallað var nokkuð um samspil greiðslupátttökukerfis og þjónustustýringar (valkvætt tilvísanakerfi). Með því er m.a. átt við að verðlagningu sé beitt til þess að beina fólki til heilsugæslu sem fyrsta viðkomustaðar í heilbrigðiskerfinu. Ef greiða skal fullt verð fyrir þjónustu heilsugæslu gæti dregið úr mikilvægi heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaðar. Margir nefndarmenn lögðu áherslu á að heilsugæsla verði eflað sem fyrsti viðkomustaður heilbrigðisþjónustunnar og að gjöld fyrir þá þjónustu hennar verði áfram lág.

<sup>9</sup> Sjá <http://www.laeknabladid.is/tolublod/2011/10/nr/4335>

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að mikilvægt sé að efla heilsugæsluna og tryggja stöðu hennar sem fyrsta viðkomustaðar sjúklinga. Heilbrigðisráðherra leggur áherslu á að vinna því máli brautargengi, en einn þáttur þess er að ávallt verði hagkvæmasti kosturinn að leita fyrst til heilsugæslunnar.

Margir nefndarmanna lögðu áherslu á að í nýju greiðslufyrirkomulagi verði tryggt að gjald fyrir komu á heilsugæslustöð verði áfram lágt, einkum til að tryggja stefnu yfirvalda um að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu.

---

## 6 Bókanir nefndarmanna

---

### 6.1 Bókun Katrínar Júlíusdóttur

Bókun við skýrslu nefndar um nýtt greiðslupátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu.

Þegar nefndin tók til starfa var mikið rætt um forsendur þær sem störf nefndarinnar byggðust á. Sem fulltrúi Samfylkingarinnar – Jafnaðarmannaflokks Íslands hélt ég ásamt fleiri nefndarmönnum fram þeim sjónarmiðum að ótækt væri að leggja upp með kerfisbreytingar sem hefðu það eitt að markmiði að flytja kostnað frá einum hópi til annars. Mikilvægt væri að horfa opið á kerfisbreytingar þannig að ráðleggingar hópsins fælu í sér bestu mögulegu niðurstöðu fyrir notendur heilbrigðisþjónustu.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu var þetta sjónarmið ekki tekið til greina og ítrekað að lítið sé á það sem verkefni nefndarinnar að endurdreifa kostnaði þeim sem fellur á notendur heilbrigðisþjónustu, innan notendahópsins. Sökum þessa tel ég ekki að störf nefndarinnar hafi getað skilað niðurstöðu sem ásættanleg væri fyrir alla notendur heilbrigðisþjónustu. Enda kemur það í ljós að nefndarmenn náðu ekki saman um kerfisbreytingar og því er þessi skýrsla reifun á ýmsum leiðum án samstöðu um meginleiðirnar. Meiri líkur hefðu verið á samstöðu ef fengist hefði að ræða verkefnið með alla möguleika opna. Greidd voru atkvæði um einstaka liði þeirra kerfisbreytinga sem nefndin ræddi og sat undirrituð hjá við þær sökum þeirra sjónarmiða sem reifuð eru í þessari bókun.

Við jafnaðarmenn teljum mjög mikilvægt að draga úr kostnaði einstaklinga við heilbrigðisþjónustu, sem er orðinn mun meiri en í nágrannalöndunum. Eins og skýrslan dregur ágætlega fram þá er hópur notenda sem er að greiða óásættanlegar upphæðir fyrir þjónustu þá sem þeim er veitt vegna erfiðra veikinda. Því þarf að breyta. Við teljum hins vegar ekki rétt að ríkisstjórnin varpi ábyrgðinni á fjörmögnun þessa þaks á aðra notendur heilbrigðisþjónustu. Hætt er við að það skapi ný vandamál hjá hópum sem nú þegar eiga erfitt með að mæta kostnaði við heilbrigðisþjónustu þó þeir noti kerfið sjaldan. Hætt er við að aukin gjaldtaka valdi því í auknum mæli að fólk veigri sér við að sækja sér heilbrigðisþjónustu sem skerðir lífsgæði þessara einstaklinga og veldur auknu álagi á heilbrigðiskerfið síðar meir.

Gjaldtaka hefur aukist verulega fyrir heilbrigðisþjónustu það sem af er þessu kjörtímabili. Brýnt verkefni er því að ná þeim kostnaði niður svo að heilbrigðiskerfið standi öllum landsmönnum opið óháð efnahag. Athugasemdir eru því gerðar við það að sjónarmið nefndarinnar skuli einskorðast við það að fjármagna breytingar í greiðslupátttöku með aukinni kostnaðarpátttöku notendanna sjálfra.

Við lýsum okkur enn reiðubúin til samstarfs um að finna leiðir til að lækka kostnaðarpátttöku fólksins í landinu í heilbrigðisþjónustu – en á því þarf ríkisvaldið að bera ábyrgð og forgangsraða fjármunum sínum þannig að svo megi verða.

Katrín Júlíusdóttir

## 6.2 Bókun Álfheiðar Ingadóttur

Bókun frá Álfheiði Ingadóttur, fltr. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Ég styð eindregið tillögur nefndarinnar um að setja hámarkspak á greiðslur sjúklinga fyrir heilbrigðisþjónustu eins og gert var með lyfjagreiðslur vorið 2013. Sérstaklega fagna ég tillögu um að heilbrigðisþjónusta við börn verði án endurgjalds eins og á hinum Norðurlöndunum.

Eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar frá 28. ágúst 2013 og í skýrslunni var forsenda verkefnisins af hálfu ráðherra sú að kostnaður Sjúkratrygginga Íslands v. greiðsluþátttöku í lyfjum og heilbrigðisþjónustu mætti ekki hækka og þar með að hlutdeild sjúkratryggðra lækki ekki. Af því leiðir að þegar kostnaður eins hóps lækkar, þá hækkar hann hjá öðrum! Þetta er að mínu mati röng stefna. Nýtt endurgreiðslukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu mun skila verulegri hagræðingu sem heilbrigðisráðherra ber að nýta til að lækka kostnaðarhlutdeild sjúklinga almennt og taka fleiri þætti inn í greiðsluþátttöku sjúkratrygginga, svo sem sálfræðiþjónustu og sýklalyf fyrir fullorðna.

Ég tel eðlilegt að lækka hlutdeild sjúklinga með nýju greiðslukerfi af eftirtöldum ástæðum:

1. Núverandi ríkisstjórn hækkaði hlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskostnaði verulega í ársbyrjun 2014; komugjöld í heilsugæslu t.d. um 15–20% og mun meira til sérgreinalækna. Þannig var „forsendum“ ráðherrans breytt til óhagræðis fyrir sjúklinga á starfstíma nefndarinnar og á viðmiðunartímanum.

2. Ríkissjóður hefur einn notið hagræðingarinnar sem varð við upptöku nýs lyfjagreiðslukerfis, en hún nam hundruðum milljóna króna á árunum 2013 og 2014. Svigrúm sem þannig skapaðist til að lækka beinar greiðslur sjúklinga var ekki notað eins og eðlilegt hefði verið og ef forsenda nýs kerfis á að vera óbreytt hlutdeild sjúklinga, verður áfram gengið á þeirra hlut.

3. Núgildandi innheimtukerfi fyrir greiðslur sjúklinga í heilbrigðiskerfinu eru flókin og skipta tugum. Tillögur nefndarinnar um nýtt kerfi byggja á einfaldari hópaskiptingu eins og er í lyfjaendurgreiðslukerfinu, en hagkvæmari greiðsludreifingu fyrir hinn sjúkratryggða. Slíkt kerfi mun hafa í för með sér mikla hagræðingu og sparnað sem eðlilegt er að bæði ríkissjóður og sjúklingar njóti.

Af framansögðu er ljóst að engar forsendur eru til þess að halda kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustu og lyfjum óbreyttri á næstu árum, enda er hún þegar of há. Ákvörðun um gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu fyrir börn þarf því ekki að leiða til hækkunar á heilbrigðiskostnaði annarra hópa.

---

# Fylgiskjal 1. Hvað er ókeypis í heilbrigðiskerfinu, samantekt

---

## Heilbrigðisþjónusta

### *Þjónusta sjúkrahúsa*

Öll þjónusta sem veitt er þegar sjúklingur liggur á sjúkrahúsi er ókeypis.

### *Ókeypis þjónusta við börn.*

- Komur, vitjanir og önnur þjónusta heilsugæslu, bæði á dag og síðdegisvakt.
- Komur á göngudeildir sjúkrahúsa.
- Komur og endurkomur á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa.
- Rannsóknir og myndgreining eftir að afsláttarkort tekur gildi (fæst þegar kostnaður barna í fjölskyldu nær 9800 kr.).
- Börn með umönnunarkort greiða að auki hvorki fyrir þjónustu sérgreinalækna né fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttimælingar.

Ekkert gjald er greitt fyrir mæðra- og ungbarnavernd, heilsugæslu í skólum og heimahjúkrun. Aðstoð ljósmóður við fæðingu í heimahúsum og heimþjónusta ljósmæðra sem veitt er á grundvelli þjónustusamninga SÍ er einnig án greiðsluþátttöku notenda.

## Lyf

Ákveðnir sjúklingahópar njóta ókeypis lyfja annars vegar til að tryggja almannahag og hins vegar á grundvelli mannúðarsjónarmiða varðandi sjúklinga á síðustu stigum alvarlegra sjúkdóma. Eftirfarandi sjúklingahópar fá lyf ókeypis:

- Sjúklingar sem fá lyf á grundvelli sóttvarnalaga til að hefta útbreiðslu sjúkdóma.
- Sjúklingar með alvarlega geðsjúkdóma.
- Sjúklingar í líknandi meðferð á síðustu stigum ólæknandi sjúkdóma.
- S-merkt lyf. S-merkt lyf eru m.a. sérhæfð, dýr og vandmeðfarin lyf, gefin við sjúkdómum sem komnir eru á alvarlegt stig, á borð við krabbamein, nýrnabilun, gigt o.fl., oftast á sjúkrahúsum. Dýrustu lyfin í þessum flokki eru leyfisskyld lyf. Nú er unnið að því að færa S-merkt lyf sem keypt eru út á lyfseðil í apóteki inn í greiðsluþátttökukerfi lyfja.

## Tannlæknisþjónusta

Sjúkratryggingar Íslands greiða að fullu kostnað vegna allra tannlækninga barna og unglunga yngri en 18 ára, sem veitt er á grundvelli samninga milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna, sbr. IV. kafla laga um sjúkratryggingar, **að frádregnu gjaldi sem nemur 2.500 kr.** í upphafi hvers 12 mánaða tímabils.



Sjúkratryggingum Íslands er heimilt, að undangenginni umsókn, að greiða að fullu samkvæmt **samningum eða gjaldskrá** kostnað við tannlækningar sem eru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sýkinga í tönnum og tannvegi á heilsu ónæmisbæðra sjúklinga, svo sem sjúklinga með hvítblæði eða krabbamein á höfuð- eða hálssvæði, væntanlegra líffæraþega, sjúklinga sem þurfa mergskipti og sjúklinga með aðra sambærilega sjúkdóma.

## Hjálpartæki

Mikilvægt er að hafa í huga eftirfarandi skýringar á 100% hlutdeild SÍ í hjálpartækjum:

1. Hjálpartæki sem eru með skilaskyldu eru yfirleitt greidd að fullu af hálfu SÍ. Þetta er til að mismuna ekki þeim notendum sem fá endurnýtt hjálpartæki af lager og þeim sem fá nýkeypt hjálpartæki. Fyrir einhverjum árum sýndi skoðun að ef farið yrði í gjaldheimtu af endurnotudum hjálpartækjum þá yrði heildarkostnaður meiri en að greiða tækin að fullu Langtímaveikindi/varanleg færniskerðing er forsenda þess að notendur fái sum tæki greidd að fullu, t.d. spelkur en í öðrum tilvikum (skammtíma þó meiri þörf en til 3ja mánaða) er hlutur notenda 30% af verði.
2. Oft fer saman 100% hlutdeild sjúkratrygginga og dýr hjálpartæki sem eru til varanlegrar notkunar eða sem eru lífsnauðsynleg, svo sem öndunarhjálpertæki, gervilimir, stómavörur og þvagleggir.
3. Fylgihlutir með tækjum sem greidd eru að fullu eru þó oft með kostnaðarhlutdeild notenda.

Í reglugerð um hjálpartæki er víða kveðið á um ákveðna hlutdeild með hámarksverði t.d. samþykkt 100% þó að hámarki 77.000 kr.

### Hjálpartæki Sjúkratrygginga Íslands sem greidd eru 100%

#### 04 Hjálpartæki til meðferðar og þjálfunar.

##### 0403 Hjálpartæki við öndunarmeðferð.

- |          |   |                   |
|----------|---|-------------------|
| 04 03 12 | Öndunarvélar 100%, þ. á m. CPAP og BIPAP og skiptanlegir fylgihlutir, þjónusta og rekstrarvörur, þó þannig að skiptanlegir fylgihlutir, þjónusta og rekstrarvörur eru ekki greidd að fullu fyrir notendur CPAP, sbr. hér að ofan. |                   |
| 04 03 18 | Súrefnisbúnaður 100%  |                   |
| 04 03 21 | Sogtæki (þ.m.t. hóstavélar) 100%  |                   |
| 04 03 27 | 04 03 30  | Öndunarmælar 100% |
| 04 03 90 | Viðgerðir á öndunartækjum 100%  |                   |
| 04 03 91 | Varahlutir (vegna bilana) í öndunartæki 100%  |                   |
| 04 03 92 | Fylgihlutir v/sogtækja og hóstavéla 100%  |                   |
| 04 03 93 | Fylgihlutir v/öndunarvéla 100%  |                   |
| 04 03 94 | Fylgihlutir v/öndunarmæla 100%  |                   |

##### 0406 Hjálpartæki við blóðrásarmeðferð.

Vegna bruna er þessi búnaður greiddur 100%. Að jafnaði er samþykkt 2 pör af þrýstisokkum á 12 mánaða tímabili en hámark 4 pör á 12 mánaða tímabili.

- |          |                                   |
|----------|-----------------------------------|
| 04 06 03 | Loftfylltur þrýstibúnaður 70/100% |
|----------|-----------------------------------|

- 04 06 06 Þrýstisokkar/þrýstibúnaður fyrir handleggi, fætur og bol 70/90/100%
- 04 06 12 Loftdæla fyrir þrýstibúnað 70/100%

**0412 Kviðslitsbelti.**

Kviðslitsbelti eru greidd 70% ef áætlaður notkunartími er skemmri en 12 mánuðir en 100% ef um alvarlegt langvarandi ástand er að ræða.

- 04 12 09 Kviðslitsbelti 70/100%

**0419 Hjálpartæki til lyfjaskömmunar.**

- 04 19 92 Einnota endaparmsrör til lyfjagjafa 100%
- 04 19 24 Dæla vegna gjafar lyfs eða næringar í æð (útvortis) 100%

**0424 Búnaður (tæki og efni) til mælinga (efnamælinga).**

- 04 24 91 Mælitæki til serum kalsíum mælinga vegna alvarlegs nýrnasjúkdóms 100% (samkvæmt verðkönnun hverju sinni)
- 04 24 92 Efni til serum kalsíum mælinga vegna alvarlegs nýrnasjúkdóms 100% (samkvæmt verðkönnun hverju sinni)
- 04 24 94 Mælitæki til blóðstorkumælinga (INR gildi) 100% þó greiðir umsækjandi upphæð til samræmis við upphæð umsækjenda í blóðsykursmæli
- 04 24 95 Efni til blóðstorkumælinga 100% (miðað er við hámarks mælingu einu sinni í viku og því samþykkt 1pk (með 24 stk.) á 24 vikna fresti)

**0427 Raförvunartæki.**

- 04 27 06 Verkjastillandi raförvunartæki (TNS-tæki, Transcutan Nerve Stimulation) 100%
- 04 27 09 Raförvunartæki til að meðhöndla þvag- og hægðaleka 100%
- 04 27 90 Kónar (rafskaut) fyrir raförvunartæki 70%
- 04 27 91 Raförvunartæki við ökklaðmun 100%

**0433 Hjálpartæki til varnar legusárum.**

- 04 33 09 Sérstakur búnaður til varnar legusárum 100% (t.d. viðvörunarkerfi til varnar legusárum)

**0448 Hreyfi-, kraft- og jafnvægistæki.**

- 04 48 06 Standgrindur og standbretti 100%
- 04 48 90 Fylgihlutir við standgrindur og standbretti 100%
- 04 48 91 Breytingar/viðgerðir á standgrindum 100%

**0603 Hryggspelkur.**

Fyrsta og önnur viðgerð á spelkum á ári eru greiddar 100% en síðari viðgerðir 70%.

Hryggspelkur eru greiddar að fullu við eftirfarandi tilefni: hryggskekkja yfir 20°, eftir hryggbrot, eftir festingu (spondylodesis) sem er ótryggilega gróin, endurteknar spengingar, í tengslum við aðgerð, stífir hálskragar eftir hálsaðgerð eða samsvarandi.

- 06 03 03 Mjadmarspelkur (SIO) 70/100%
- 06 03 06 Mjóhryggjarspelkur (LSO) 70/100%
- 06 03 09 Brjóstakassa- og bolspelkur (TLSO) 70/100%
- 06 03 12 Hálsspelkur (CO) 100%
- 06 03 15 Háls- og brjóstakassaspelkur (CTO) 100%
- 06 03 18 Háls- og bolspelkur (CTLSO) 100%
- 06 03 90 Viðgerðir á hryggspelkum 70/100%

**0606 Spelkur fyrir efri útlími, líkamsbornar.**

Spelkur fyrir fólk með krabbamein, lamanir (t.d. hemiparesis, poliomyelitis) og hrörnunarsjúkdóma í tauga- og vöðvakkerfi (t.d. MS, MND, Guillian Barre sjúkdóm, Parkinsonsjúkdóm) og við aflögun liða vegna liðagigtar (RA) eru greiddar að fullu svo framarlega sem þær tengjast sjúkdómnum.

Fyrsta og önnur viðgerð á spelkum á ári eru greiddar 100%, en síðari viðgerðir 70%.

Greitt er 100% fyrir spelkur við: Dæmi: slitbreytingar í liðum (stig 3), liðagigt (RA) með aflögun liða.

- 06 06 03 Fingurspelkur 70/100%
- 06 06 06 Handarspelkur 70/100%
- 06 06 09 Úlnliðsspelkur 70/100%
- 06 06 12 Úlnliðs- og handarspelkur 70/100%
- 06 06 15 Olnbogaspelkur 70/100%
- 06 06 18 Úlnliðs- og olnbogaspelkur 70/100%
- 06 06 21 Axlarospelkur 70/100%
- 06 06 24 Axlar- og olnbogaspelkur 70/100%
- 06 06 27 Axlar-, olnboga- og úlnliðsspelkur 70/100%
- 06 06 30 Axlar-, olnboga-, úlnliðs- og handarspelkur 70/100%
- 06 06 90 Viðgerð á spelkum fyrir efri útlimi 70/100%

**0609 Spelkur fyrir efri útlimi, sem ekki eru bornar á líkamanum.**

- 06 09 90 Sér mótaður stuðningur/dýnur 100%

**0612 Spelkur fyrir neðri útlimi.**

Við notkun í þrjá til tólf mánuði eru spelkur greiddar 70%. Spelkur fyrir fólk með krabbamein, lamanir (t.d. hemiparesis, poliomyelitis) og hrömunarsjúkdóma í tauga- og vöðvakerfi (t.d. MS, MND, Guillian Barre sjúkdóm, Parkinsonsjúkdóm) og við aflögun liða vegna liðagigtar (RA) eru greiddar að fullu svo framarlega sem þær tengjast sjúkdómnum.

Fyrsta og önnur viðgerð á spelkum á ári eru greiddar að fullu en síðari viðgerðir 70%.

- 06 12 06 Ökklaospelkur (AFO) 70/100%
- 06 12 09 Hnéospelkur (KO) 70/100%
- 06 12 12 Fótleggjarspelkur (hné-, ökkla- og framleistaspelkur) (KAFO) 70/100%
- 06 12 15 Mjaðmarspelkur (HIO) 70/100%
- 06 12 18 Fótleggjarspelkur með mjaðmarstuðningi (hné-, ökkla-, framleista- og mjaðmarspelkur) (HIKAFO) 70/100%
- 06 12 90 Viðgerðir á fótspelkum 70/100%

**0618 Gervihandleggir og -hendur.**

Fyrsta og önnur viðgerð á gervilimum á ári eru greiddar 100% en síðari viðgerðir 70%.

- 06 18 06 Gervihandleggir frá úlnlið 100% (ytri hulsur, án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 09 Gervihandleggir frá framhandlegg 100% (ytri hulsur, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 12 Gervihandleggir frá olnboga 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 15 Gervihandleggir frá upphandlegg 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 18 Gervihandleggir frá öxl 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 21 Gervihandleggir frá bol 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 24 Gervihendur 100%
- 06 18 25 Krókar fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 26 Gripáhöld fyrir gervihandleggi 100% (önnur en krókar)
- 06 18 30 Gerviúlnliðir fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 33 Gerviolnbogaliðir fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 36 Gerviaxlarliðir fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 90 Viðgerðir á gervihandleggjum 70/100%
- 06 18 91 Mjúkar hulsur fyrir gervihandleggi (innri hulsur) 100%
- 06 18 92 Harðar hulsur fyrir gervihandleggi (ytri hulsur) 100%

**0624 Gervifótleggir og -fætur.**

Fyrsta og önnur viðgerð á gervilimum á ári eru greiddar 100% en síðari viðgerðir 70%.

- 06 24 06 Gervifótleggir frá ökkjalið 100% (ytri hulsur, án liða, innri hulsu og framleista)
- 06 24 09 Gervifótleggir frá kálfa 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
- 06 24 12 Gervifótleggir frá hné 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
- 06 24 15 Gervifótleggir frá læri 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
- 06 24 18 Gervifótleggir frá mjöðm 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
- 06 24 21 Gervifótleggir frá bol 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
- 06 24 24 Gervifótleggir frá hrygg 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
- 06 24 27 Gervifætur (gerviframleistafætur) 100%
- 06 24 30 Gervioökkliðir, snúningsliðir fyrir gervifótleggi 100%
- 06 24 31 Höggdempapar í gerviliði fyrir gervifótleggi 100%
- 06 24 33 Gervihnéliðir fyrir gervifótleggi 100%
- 06 24 36 Gervimjaðmarliðir fyrir gervifótleggi 100%
- 06 24 40 Mjúkar hulsur fyrir gervifótleggi 100%
- 06 24 41 Harðar hulsur fyrir gervifótleggi 100%
- 06 24 90 Viðgerðir á gervifótleggjum 70/100%
- 06 24 91 Stúfsokkar vegna gervifótleggja 100%

#### **0630 Gervihlutar aðrir en gervilimir.**

- 06 30 03 Hárkollur og/eða sérsniðin höfuðföt, gerviaugabrúnir, augnhár eða húðflúr 100%, að hámarki 77.000 kr. á ári, sbr. framangreint
- 06 30 18 Gervibrjóst 100%, sbr. framangreint
- 06 30 24 Gervieyru 100%
- 06 30 27 Gervinef 100%
- 06 30 30 Gerviandlitshlutar (utan á eða innanvert í andlit) 100%
- 06 30 39 Gervihlutar til að dekkja sjáanleg lýti á húð 100%
- 06 30 97 Gervibrjóstafleygar 100%, sbr. framangreint
- 06 30 98 Brjóstahöld sérstyrkt vegna uppbyggingar 100%, sbr. framangreint

#### **0903 Fatnaður.**

- 09 03 02 Hjólastóla- og kerrupokar 100%
- 09 03 03 Útislá/regnslá í hjólastóla/kerrur 100%
- 09 03 36 Varnarbuxur við böðun 100%
- 09 03 90 Snið fyrir sérsaumaðan fatnað 100%, að hámarki sbr. að ofan

#### **0906 Hlífðartæki.**

- 09 06 03 Hjálmar og höfuðhlífar 100%
- 09 06 12 Olnbogahlífar 100%
- 09 06 15 Hlífðarhanskar og hlífðarvettlingar 100%.
- 09 06 18 Hnéhlífar 100%
- 09 06 21 Hæhlífar 100%
- 09 06 24 Belti, ólar og vesti 100%
- 09 06 27 Öndunarhlíf (t.d. rykgríma, heygríma) 70%

#### **0909 Hjálpartæki til að klæða sig í og úr.**

- 09 09 03 Sokkaífarur 100%
- 09 09 09 Fatahaldarar 100%
- 09 09 12 Klæðnaðarpinnar/krókar 100%
- 09 09 15 Rennilásahjálpartæki 100%
- 09 09 18 Hnappakrókar 100%

**0912 Hjálpartæki við salernisferðir.**

- 09 12 03 Salernisstólar með/án hjóla 100%
- 09 12 06 Salerni (kemisk) 50%
- 09 12 09 Salernissæti 100%
- 09 12 12 Salernisupphækkanir, frítt standandi 100%
- 09 12 15 Salernisupphækkanir, lausar 100%
- 09 12 18 Salernisupphækkanir, fastar 100%
- 09 12 27 Salernispappírstangir 100%
- 09 12 30 Salernispappírshaldarar 100%
- 09 12 33 Bekken 100%
- 09 12 36 Skol- og þurrkbúnaður á salerni 100% (hámarksstyrkur samkvæmt verðkönnun hverju sinni)
- 09 12 90 Aukahlutir á salernishjálpartæki 100%
- 09 12 91 Uppsetning á skol- og þurrkbúnaði á salerni 100% (hámarksstyrkur samkvæmt verðkönnun hverju sinni)

**0915 Hjálpartæki vegna barkaskurðar.**

- 09 15 03 Barkarennur 100%
- 09 15 06 Barkastómahlífar 100%
- 09 15 90 Barkastómasíur 100%
- 09 15 91 Barkastómaventlar 100%

**0918 Stómahjálpartæki.**

- 09 18 04 Colostómapokar samfelldir (í einum hluta), lokaðir 100%, hámark pr. stk. 675 kr. fyrir almenna poka/poka með filter og hámark pr. stk. 1.270 kr. fyrir poka með convexhring
- 09 18 05 Colostómapokar samsettir, lokaðir 100%, hámark pr. stk. 345 kr. fyrir almenna poka og poka með filter, hámark pr. stk. 390 kr. fyrir poka með lokunarbúnaði og með límingu fyrir plötu og hámark pr. stk. 430 kr. fyrir poka með innbyggðum lokunarbúnaði og með límingu fyrir plötu fyrir stórar stómíur
- 09 18 07 Þvagstómapokar samfelldir (í einum hluta) 100%, hámark pr. stk. 1.080 kr. fyrir almenna poka og hámark pr. stk. 2.360 kr. fyrir poka með convexhring
- 09 18 08 Þvagstómapokar samsettir 100%, hámark pr. stk. 720 kr.
- 09 18 13 Stómafestibúnaður (s.s. belti) 100%
- 09 18 14 Stómaplötur, álímdar 100%, hámark pr. stk. 860 kr. fyrir almennar plötur, hámark pr. stk. 1.400 kr. fyrir plötur með auka lími og rakadrægni, hámark pr. stk. 1.270 kr. fyrir plötur þar sem poki límist á plötu, hámark pr. stk. 2.550 kr. fyrir plötur m/innbyggðum convexhring, hámark pr. stk. 1.400 kr. fyrir tveggja laga plötur og hámark pr. stk. 2.790 kr. fyrir tveggja laga plötur með innbyggðum convexhring
- 09 18 15 Stómaklemmur 100%
- 09 18 18 Lyktheyðandi efni (t.d. sett í poka) 100%
- 09 18 30 Stómaþéttibúnaður (s.s. kítta, þéttihringir) 100%
- 09 18 39 09 18 42 Ileostómapokar samsettir, tæmanlegir 100%, 09 18 90
- 09 18 91 Næturlþvagpoki vegna stóma fyrir mikinn útskilnað 100%, hámark pr. stk. 1.090 kr.

**0921 Efni til húðvarnar og húðhreinsunar.**

- 09 21 18 Húðvarnarkrem 100%

**0924 Þvagleggir.**

- 09 24 03 Þvagleggir, langtíma 100%
- 09 24 06 Þvagleggir, einnota 100%
- 09 24 09 Þvagsafnarar (uridom) 100%
- 09 24 90 Þvagklemmur 100%
- 09 24 93 Festibúnaður vegna þvagsafnara 100%
- 09 24 95 Ventlar/tappar á þvagleggi 100%

**0927 Þvagpokar.**

- 09 27 04 Þvagpokar, líkamsbornir, lokaðir 100%
- 09 27 05 Þvagpokar, líkamsbornir, opnir 100%
- 09 27 07 Þvagpokar, rúmpokar, lokaðir 100%
- 09 27 08 Þvagpokar, rúmpokar, opnir 100%
- 09 27 90 Festibúnaður fyrir þvagpoka 100%

**0931 Hjálpartæki vegna hægdaleka.**

- 09 31 90 Endaþarmsrör (rectalrör) 100%, að hámarki 2.230 kr. á mánuði

**0933 Hjálpartæki við snyrtingu og böðun.**

- 09 33 03 Bað/sturtustólar með eða án hjóla 100% (þ.m.t. baðkersbretti og baðkerssæti)
- 09 33 12 Sturtuborð og skiptiborð 100%
- 09 33 98 Aukahlutir á baðhjálpartæki 100%
- 09 33 99 Breytingar á baðhjálpartækjum 100%

**1203 Stafir/hækjur.**

- 12 03 03 Stafir 100%
- 12 03 06 Olnbogahækjur 100%
- 12 03 09 Gigtarhækjur 100%
- 12 03 12 Axlarhækjur 100%
- 12 03 16 Þrí- eða fjórfótastafir 100%

**1206 Göngugrindur.**

- 12 06 03 Göngugrindur án hjóla 100%
- 12 06 06 Göngugrindur á hjólum 100%
- 12 06 09 Göngustólar á hjólum með setstuðningi 100%
- 12 06 12 Háar göngugrindur á hjólum með framhandleggsstuðningi 100%
- 12 06 90 Viðgerðir á göngugrindum 100%
- 12 06 91 Breytingar á göngugrindum 100%

**1207 Fylgihlutir við gönguhjálpartæki.**

- 12 07 90 Aukahlutir á göngugrind (s.s. karfa, bakki) 100%
- 12 07 91 Stafa-/hækjuhaldarar 100%
- 12 07 92 Gúmmí t.d. á stafi/hækjur 100%
- 12 07 93 Ísbroddar t.d. á stafi/hækjur 100%

**1212 Hjálpartæki í bifreið.**

- 12 12 04 Aðlögun á stýribúnaði bifvéla. Til að stjórna bremsum og bensínjölf 100%, að hámarki 70.000 kr.
- 12 12 08 Aðlögun bifreiða til að geta nýtt aukastjórnubúnað, s.s. spegla, læsingar, þurrkur, miðstöð og ljós 100%
- 12 12 09 Belti og ólar í bifreiðar 100%
  - 12 12 12 Bílsæti og púðar með sérstökum eiginleikum 100%, sbr. að ofan. Sleðar fyrir sæti bifreiða 100% (fyrir snúning og fram/aftur færslu)
- 12 12 15 Lyftur til að lyfta einstaklingum inn í bifreiðar 100%
- 12 12 18 Lyftur og fastar skábrautir til að koma hjólastólum með notendur inn í bifreiðar 100%
- 12 12 21 Lyftur til að setja hjólastóla á eða inn í bifreiðar 100%
- 12 12 24 Útbúnaður til að festa hjólastóla í bifreiðar 100%
- 12 12 90 Ísetning tækja í/úr bifreiðum 100%
- 12 12 91 Viðgerðir á hjálpartækjum í bifreiðar 100%
- 12 12 92 Flutningur á hjálpartækjum milli bifreiða 100%, flutningur á stýribúnaði bifvéla milli bifreiða 100%, að hámarki 55.000 kr.
- 12 12 94 Sjálfvirkir dyraopnarar fyrir bifreiðar 100%
- 12 12 95 Vinkiljárn á hurðir bifreiða 100%

12 12 97 Fjarstýring á hjálpartækjum í bifreiðar 100%

### **1218 Hjól.**

12 18 06 Þríhjól með fótstigi 100%  
12 18 09 Þríhjól, handknúin 100%  
12 18 12 Þríhjól, sparkhjól 100%  
12 18 21 Fylgihlutir á hjól 100% (sérstakir hnakkar, fótabönd, fótstig o.fl.)  
12 18 90 Viðgerðir á þríhjólum 100%  
12 18 91 Breytingar á þríhjólum 100%

### **1221 Hjólastólar.**

12 21 03 Handknúnir hjólastólar, stjórnað af aðstoðarmanni 100%  
12 21 06 Handknúnir afturhjóladrifnir hjólastólar 100%  
12 21 09 Handknúnir framhjóladrifnir hjólastólar 100%  
12 21 12 Handknúnir vogarstangadrifnir hjólastólar 100%  
12 21 15 Handknúnir hjólastólar, drifnir öðrum megin 100%  
12 21 18 Handknúnir lágir hjólastólar 100%  
12 21 24 Rafknúnir hjólastólar með handstýringu (stýri) 100%  
12 21 27 Rafknúnir hjólastólar með mótorstýringu (pinna) 100%

### **1224 Aukahlutir fyrir hjólastóla.**

12 24 03 Stýrikerfi fyrir hjólastóla 100% (innifalið er stjórnbox og stjórnstöð fyrir hjólastóla)  
12 24 09 Aflbúnaður fyrir hjólastóla 100% (innifaldir eru mótorar í rafknúna hjólastóla og hjálparmótorar á handknúna hjólastóla)  
12 24 12 Ljós á hjólastóla 100%  
12 24 15 Hjólastólaborð sem fest er á hjólastóla 100%  
12 24 18 Bremsur fyrir hjólastóla 100%  
12 24 21 Hjól og dekk fyrir hjólastóla 100%  
12 24 24 Rafgeymar og hleðslutæki 100%  
12 24 30 Belti í hjólastóla 100%  
12 24 90 Viðgerðir á hjólastólum 100%  
12 24 91 Breytingar á hjólastólum 100%  
12 24 92 Töskur fyrir hjólastóla 100%  
12 24 93 Hnakkapúðar fyrir hjólastóla 100%  
12 24 95 Hliðarstuðningur í hjólastóla 100%  
12 24 96 Ýmsir fylgihlutir í hjólastóla 100% (s.s. armar, fótafjalir, handhringir, hliðarhlífar, hækappar, hjólastólaþrengjarar)  
12 24 97 Ýmsir varahlutir í hjólastóla 100% (s.s. setur, bök)

### **1227 Önnur farartæki.**

12 27 03 Kerrur (sem krefjast aðstoðarmanns) 100%  
12 27 90 Viðgerðir á kerrum 100%  
12 27 91 Breytingar á kerrum 100%  
12 27 92 Aukahlutir á kerrur 100% (s.s. borð, fótabönd)  
12 27 97 Belti í kerrur 100%  
12 27 98 Skíði undir kerrur 50%

### **1230 Hjálpartæki við flutning fólks.**

12 30 03 Flutningsbretti og rennimottur 100%  
12 30 06 Snúningsskífur 100%  
12 30 09 Frístandandi rúmgálgar 100%  
12 30 12 Rúmstigar og léttar 100%  
12 30 15 Flutningsbelti (belti og/eða vesti með lyftihandfangi) 100%  
12 30 90 Breytingar á flutningsbrettum 100%

### **1233 Snúningshjálpartæki.**

12 33 06 Snúningslök og snúningsmottur 100%

### **1236 Tæki til að lyfta fólki.**

12 36 03 Hreyfanlegir lyftarar með seglum 100%  
12 36 04 Hreyfanlegir lyftarar fyrir standandi stöðu 100%  
12 36 06 Hreyfanlegir lyftarar með föstum sætum 100%  
12 36 09 Lyftivagnar á hjólum 100%  
12 36 12 Fastir lyftarar, loft-, gólf- eða veggfastir 100%  
12 36 15 Fastir lyftarar sem festast á aðra hluti 100%  
12 36 18 Frístandandi lyftarar 100%  
12 36 21 Lyftisegl, sæti og börur 100%  
12 36 90 Viðgerðir á lyfturum 100%  
12 36 91 Breytingar á lyfturum 100%  
12 36 92 Uppsetning á lyfturum 100%  
12 36 93 Varahlutir í lyftara 100%

## **18**

### **1803 Borð.**

18 03 15 Rúmborð 100%  
18 03 90 Viðgerðir á borðum 100%  
18 03 91 Breytingar á borðum 100%  
18 03 99 Hilluborð 100% fyrir lífsnauðsynleg hjálpartæki (hámarksstyrkur samkvæmt verðkönnun hverju sinni)

### **1809 Stólar.**

18 09 03 Vinnustólar 100%  
18 09 06 Standstólar 100%  
18 09 09 Gigtarstólar („arthrodesustólar“) 100%  
(stólar með skiptri setu, framhluti stillanlegur í einu eða tvennu lagi)  
18 09 21 Sérstakir stólar (m.a. stólar fyrir börn, gólfsæti) 100%  
18 09 27 Fótскеmlar/fótstuðningur 100%  
18 09 31 Sérsmíðað sæti, setur og/eða bök (með áklæði) (í hjólastóla) 100%  
18 09 39 Tilbúin setkerfi (í hjólastóla) 100%  
18 09 42 Sætispúðar/undirlag 100%  
(innifelur einnig púða og undirlag til varnar legusárum)  
18 09 45 Bakpúðar/undirlag 100%  
18 09 90 Viðgerðir á stólum 100%  
Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki endurnýjun áklæðis á lyftistólum  
18 09 91 Breytingar á stólum 100%  
18 09 92 Mótorar í stóla 100%  
18 09 93 Ver með sérstökum eiginleikum utan um púða sérstaklega í hjólastóla 100%  
18 09 94 Aukahlutir á stóla 100%

### **1812 Rúm.**

18 12 10 Sjúkrarúm (innifalin eru rúmbotnar, rúmgrindur og rúmlyftur) 100%  
18 12 18 Rúmdýnur 100%, hámark 36.000 kr.  
(innifalið er einnig leguundirlag/yfirdýnur til varnar legusárum 100%)  
18 12 24 Stillanlegt höfða- og/eða fótag 100%  
18 12 27 Rúmgálgar 100%  
18 12 90 Viðgerðir á rúmum 100%  
18 12 91 Breytingar á rúmum 100%  
18 12 93 Skápúðar í rúm 100%  
18 12 94 Mótorar í rúm 100%  
18 12 98 Hliðargrindur og/eða stuðningshandföng á rúm 100%  
18 12 99 Ver með sérstökum eiginleikum utan um rúmdýnur 100%



**1815 Aukabúnaður fyrir húsgögn.**

- 18 15 03 Upphækkunarklossar/-fætur 100%  
(vegna slysaþættu eru einungis greiddir klossar undir rúm og sófa ef fætur mynda 90° horn við gólf)
- 18 15 06 Hjólabúnaður 100%

**1818 Stuðningsbúnaður.**

- 18 18 03 Handrið/stuðningsgrip 100%
- 18 18 09 Stoðir 100%
- 18 18 90 Uppsetning á handriðum/stoðum 100%
- 18 18 91 Aukahlutir á stoðir 100%

**1821 Dyra- og gluggaopnarar/-lokarar.**

að heimili.

- 18 21 03 Dyraopnarar/-lokarar 100%
- 18 21 06 Gluggaopnarar/-lokarar 100%
- 18 21 90 Bílskúrsdyraopnarar/-lokarar 50%
- 18 21 91 Uppsetning/taka niður dyra- og gluggaopnara/-lokara 100%
- 18 21 92 Viðgerðir á dyra- og gluggaopnurum/-lokurum 100%

**1830 Stokkalyftur, hjólastólalyftur, sætislyftur í stiga og skábrautir.**

- 18 30 03 Stokkalyftur í hús (ákveðið hámark) 100%
- 18 30 06 Hjólastólalyftur í stiga/tröppur (ákveðið hámark) 100%
- 18 30 09 Sætislyftur í stiga (ákveðið hámark) 100%
- 18 30 12 Stigaklifrarar 100%
- 18 30 15 Skábrautir, flytjanlegar 100%
- 18 30 18 Skábrautir, fastar 100%
- 18 30 90 Uppsetning á lyftum 90%
- 18 30 91 Varahlutir í lyftum 100%
- 18 30 92 Viðgerðir á lyftum 90%
- 18 30 93 Eftirlit á lyftum (lögbundið) 100%
- 18 30 99 Taka niður lyftu 100%

**21 Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar.**

**2110 Úttaksbúnaður fyrir tölvur.**

- 21 10 09 Útbúnaður fyrir tölvutal (talgevill) 100% (hámarksstyrkur skv. verðkönnun hverju sinni)

**2112 Tölvur.**

- 21 12 03 Tölvur 100% (hámarksstyrkur samkvæmt verðkönnun hverju sinni)
- 21 12 91 Viðgerðir á tölvubúnaði 100%
- 21 12 93 Tölvutjáskiptabúnaður í rafknúna hjólastóla 100% (hámarksstyrkur samkvæmt verðkönnun hverju sinni)
- 21 12 94 Vinna vegna tölvubúnaðar 100% (hámarksstyrkur samkvæmt verðkönnun hverju sinni)

**2127 Lestrarhjálpertæki.**

- 21 27 03 Blaðflettarar 100%
- 21 27 90 Viðgerðir á blaðfletturum 100%

**2142 Samtalshjálpertæki.**

- 21 42 03 Bókstafa- og táknsett 100%
- 21 42 06 Bókstafa- og táknöflur 100%
- 21 42 09 Samtalstæki, flytjanleg 100%

21 42 24 Forrit fyrir samtöl 100%

**2148 Viðvörunarhjálpartæki.**

21 48 18 Merkibúnaður 100%  
(t.d. bjöllur og blikkljós)  
21 48 24 Rafstýrð dagatöl og minnishjálpartæki 100%

**2409 Stjórnartæki.**

24 09 18 Rofar 100%  
24 09 90 Viðgerðir á rofum 100%  
24 09 91 Breytingar á rofum 100%  
24 09 92 Varahlutir í rofa 100%

**2410 Inntaksbúnaður fyrir tölvur.**

24 10 06 Músatæki 100% (s.s. stýristautar (stýripinnar), snertiskjáiir og stýrikúlur)

**2412 Hjálpartæki til stjórnunar á umhverfi.**

24 12 03 Fjarstýrikerfi 100%  
24 12 06 Forrit fyrir fjarstýrikerfi 100%  
24 12 90 Uppsetning á fjarstýrikerfi 100%  
24 12 91 Breytingar á fjarstýrikerfi 100%  
24 12 92 Viðgerðir á fjarstýrikerfi 100%

**2418 Hjálpartæki vegna skertrar færni í höndum/fingrum.**

24 18 09 Haldarar, líkamsbornir, fyrir ennis-, höku- og munnpinna 100%  
24 18 12 Statíf (t.d. vökvastatíf vegna næringar um slöngu eða í æð) 100%  
24 18 15 Stýripinnar (s.s. ennis-, höku- og munnpinnar) 100%  
24 18 18 Bendiljós 100%  
24 18 27 Framhandleddsstuðningur 100%  
24 18 90 Lyklaborðshlíf 100%

**2421 Tæki til framlengingar.**

24 21 03 Griptangir 100%  
24 21 09 Framlengingar án grips 100%

---

## Fylgiskjal 2. Greiningarskýrsla KSJ.

---

- [Útfærslur á sameiningu greiðsluþáttökukerfa á heilbrigðissviði KSJ/31.3.2015 Forsendur og niðurstöður nokkurra sviðsmynda \(Hþj. og Lyf m/grþt\) - PDF](#)

Kristinn Snævar Jónsson cand.merc. hefur unnið skýrslu þessa og þær greiningar sem hún byggir á. Umfangsmikil töluleg gögn til grundvallar eru frá Sjúkratryggingum Íslands og velferðarráðuneytinu.

---

## Fylgiskjal 3. Greiðsluþátttökukerfi á Norðurlöndum

---

Á hinum Norðurlöndunum eru greiðsluþátttökukerfi fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu aðskilin. Í Noregi eru kerfin þó tengd saman þannig að lyfjakaup (samkvæmt s.k. bláu resepti) falla undir almennt kostnaðarhámark.

### Heilbrigðisþjónusta

Í Noregi og Svíþjóð greiða notendur fasta krónutölu fyrir heilbrigðisþjónustu á grundvelli einfaldrar gjaldskrár með þaki á heildarkostnaði á hverju ári. Í Finnlandi er svipað fyrirkomulag og í framangreindum löndum en greitt er hlutfallsgjald af þjónustu sjálfstæðra sérfræðinga. Í Danmörku er almenn heilbrigðisþjónusta ókeypis en greiða þarf t.d. fyrir sérfræðiþjónustu ef hún er án tilvísunar. Í þessum kafla verður kerfum með gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu lýst stuttlega.

Íslenska greiðsluþátttökukerfið í heilbrigðisþjónustu er mun flóknara og ógagnsærra en önnur norræn kerfi. Í íslenska kerfinu eru fjórir hópar hver með sína greiðslureglu. Greiðslureglur eru svo flókin samsuða af krónutölu og hlutfallsgreiðslum þar sem fyrir ákveðna þjónustu er greitt fast gjald en fyrir aðra fast gjald að viðbætti hlutdeild í heildarkostnaði við þjónustu.

Oft á tíðum liggur ekki ljóst fyrir við hvaða heildarverð skal miða þegar reikna skal út verð sérstaklega þegar sjúkrahús taka gjald fyrir þjónustu sem ekki hefur verið samið um við sérgreinalækna, en samningur SÍ við sérgreinalækna er oftast grundvöllur að greiðslu sem er ákveðið hlutfall af heildarverði. Þegar greiðslur ná ákveðnu marki eru gefin afsláttarkort sem gefa afslátt af almennu verði. Hið flókna kerfi sem hér er gerir allt utanumhald og útreikninga á greiðsluþátttöku flókna í framkvæmd. Eina dæmið um álíka flókið kerfi er á Álandseyjum.

### Noregur

Í Noregi eru tvö greiðsluhámörk vegna heilbrigðisþjónustu. Allir falla sjálfkrafa undir greiðsluhámark 1. Þegar kostnaður notanda hefur náð 2.185 NOK eða um 35 þúsund IKR fær viðkomandi fríkort sem gildir út almanaksárið fyrir þá þjónustu sem undir hámark 1. fellur. Þjónusta sem um ræðir er: læknisheimsóknir, göngudeildarþjónusta, sálfræðiþjónusta, myndgreining, ferðalög vegna heilbrigðisþjónustu, lyf (sem fást skv. svokölluðum bláum lyfseðli) og hjálparkæmi.

Um hámark 2. þarf að sækja en það kerfi nær yfir kostnað vegna iðju- og sjúkrapjálfunar, tannlækniþjónustu og fyrirfram samþykkrar meðferðar erlendis. Þjónusta verður ókeypis eftir að notandi hefur greitt NOK 2.670 (45.000 IKR) á árinu. Í Noregi er heilbrigðisþjónusta ókeypis fyrir börn undir 16 ára en almennt greiða allir aðrir sama verð.

Hér fyrir neðan eru nokkrir liðir úr gjaldskrá fyrir heilbrigðisþjónustu í Noregi teknir sem dæmi. Þessi framsetning gjaldskrár er dæmigerð fyrir gjaldskrár heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Almenn er ekki um að ræða hlutfallsgreiðslur af kostnaði við þjónustu. Ástæður þess að gjaldtaka er mismunandi má e.t.v. rekja til þess að ávallt liggur fyrir innkaupsverð á lyfjum en ef ekki liggja fyrir samningsverð á heilbrigðisþjónustu þarf að

beita kostnaðargreiningu til að finna verð þjónustunnar og er þar um marga matsbundna þætti að ræða.

<b>Dæmi um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu í Noregi 2015.</b>	
Egenandelstak 1	2 185 kroner
Egenandelstak 2	2 670 kroner

#### **Egenandeler under frikort for egenandelstak 1**

Barn under 16 ár er fritatt fra å betale egenandeler under frikort tak 1-ordningen.

<b>Lege</b>	<b>Egenandel dagtid</b>	<b>Egenandel kveldstid</b>
Konsultasjon hos allmennlege/legevakt	141 kroner	238 kroner
Konsultasjon hos allmennlege/legevakt -llmennmedisin	187 kroner	282 kroner
Sykebesøk fra allmennlege/legevakt	190 kroner	304 kroner
Sykebesøk av allmennlege som er spesialist i allmennmedisin	222 kroner	336 kroner
Konsultasjon hos/eller sykebesøk fra spesialist	320 kroner	
Laboratorieprøver	50 kroner	
Røntgen	227 kroner	

<b>Psykolog</b>	<b>Egenandel</b>
Ordinær egenandel (1/2 eller 1 time)	320 kroner
Sesjon 1,5 time	479 kroner

<b>Sykehus/poliklinikk</b>	<b>Egenandel</b>
Konsultasjon hos spesialist	320 kroner
Røntgen	227 kroner

#### **Egenandeler for frikort egenandelstak 2:**

<b>Fysioterapeut</b>	<b>Egenandel</b>
For vanlig undersøkelse inntil 30 minutter	155 kroner
For 30 minutter øvingsbehandling/bløtdelsbehandling	122 kroner
For 40 minutter øvingsbehandling/bløtdelsbehandling	156 kroner

## Finland

Greitt er fyrir þjónustu á grundvelli gjaldskrár með föstum verðum. Þak er á kostnaði notenda fyrir heilbrigðisþjónustu sem er 697 EUR (103.000 IKR). Heilsugæsla er verðlögð sérstaklega og má velja hvort greiddar eru €29,50 fyrir allt árið eða 14,7 EUR fyrir hverja heimsókn og er þá aðeins greitt fyrir þrjár heimsóknir á ári. Börn greiða ekki fyrir heilbrigðisþjónustu í Finnlandi.

Vegna þjónustu sjálfstætt starfandi lækna endurgreiða sjúkratryggingar 60% af útlögðum kostnaði miðað við gjaldskrá sjúkratrygginga, en þar sem gjaldskráin hefur ekki verið uppfærð er endurgreiðslan um 28%.

Í Finnlandi er greitt fyrir dvöl á sjúkrahúsi 29,3 EUR á dag. Sveitarfélög hafa leyfi til að taka minna fyrir þjónustuna. Hér er gjaldskrá frá Helsinki<sup>10</sup>

## Svíþjóð

Í Svíþjóð er mismunandi milli sveitarfélaga (Lén) hvað almenningur greiðir fyrir heilbrigðisþjónustu. Allstaðar er greitt eftir gjaldskrá með fastri krónutölu. Heimsókn til heilsugæslulæknis kostar á bilinu 100-200 SEK (1.500-3.000 IKR). Heimsókn til sérfræðings kostar 230 -320 SEK (4-5 þús. IKR) sem lækkar ef komið er með tilvísun.

Sérstakt þak er vegna kostnaðar fyrir heilbrigðisþjónustu oftast um 1100 SEK (18.000 IKR) og annað fyrir lyf (sjá síðar). Kostnaðarþakið miðast við 12 mánuði. Í flestum sveitarfélögum þurfa börn undir 18 ára ekki að greiða fyrir þjónustu.

## Lyf

Lyfjakerfi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru svipuð lyfjakerfi sem nú er í notkun hér á landi enda er það byggt á danskri fyrirmynd.

### Svíþjóð, Danmörk og Ísland til samanburðar

Í töflum hér fyrir neðan koma fram þrep, stuðlar og þök í lyfjakerfum í Danmörku og Svíþjóð, Íslenska kerfið til samanburðar.

Þrep	Greiðslur einstaklinga IKR	Einstaklingur greiðir	Börn
1	18.500	100%	40%
2	30.500	50%	40%
3	65.600	25%	25%
4	Eftir 65.500	15%	15%
5	Eftir 77.000*	0%	0%

\*Aðeins fyrir langveika

Í Danmörku er greitt 15% eftir að þrepi 4. er náð. Til að fá ókeypis lyf eftir að þrepi 5 er náð þarf að sækja um og er sá möguleiki einkum ætlaður langveikum. Til skoðunar er að allir fái sjálfkrafa ókeypis lyf þegar þaki er náð eins er er í lyfjakerfi hér á landi. Í dálki lengst til hægri koma fram forsendur fyrir greiðsum vegna barna.

<sup>10</sup> <http://www.hel.fi/static/sote/tiedotteet/asiakkaille/MaksutaulukkoEngl2015.pdf>

### Lyfjakerfi Svíþjóð

Prep	Greiðslur einstaklinga IKR	Einstaklingur greiðir
1	17.600	100%
2	25.600	50%
3	33.000	25%
4	35.000	10%
5	Eftir 35.000	0%

Greiðsluþátttaka í lyfjum er ákveðin á landsvísu í Svíþjóð ólíkt því sem er um heilbrigðisþjónustu. Í töflu fyrir Svíþjóð sést að þar er lág greiðsluþátttaka miðað við Danmörku. Foreldrar barna eru varðir með því að fyrir öll börn í sömu fjölskyldu er greitt eins og fyrir einn einstakling.

Til samanburðar er hér tafla sem lýsir kerfinu á Íslandi.

### Lyfjakerfi Ísland

Prep	Greiðsluviðmið almennir	Greiðsluviðmið 2/3 hluti	Hlutfall
1	22.000	14.500	100,0%
2	31.750	20.875	15,0%
3	62.000	41.000	7,5%
4	Eftir 62.000	Eftir 41.000	0,0%

### Noregur

Blár lyfseðill (bla resept) er aðallega ætlaður þeim sem eiga við langvinna sjúkdóma að etja og miðast hann við a.m.k. 3 mánaða lyfjameðferð. Þegar læknir skrifar lyfseðil ákvarðar hann hvort lyfjameðferðin falli undir bláan lyfseðil. Fyrir lyf á bláum seðli greiðir notandi 38% af kostnaði að hámarki NOK 520 eða um 9.000 IKR fyrir þriggja mánaða skammt. Þar sem lyf samkvæmt bláum lyfseðli falla undir hámark 1. fær einstaklingur fríkort við 35 þúsund IKR greiðslur á almanaksárinu. Börn, fólk á lægstu bótum (Minstepensjonister og personer med supplerende stønad) einstaklingar með hættulega smitsjúkdóma og fleiri þurfa ekki að greiða sjúklingshluta. Lyf á hvítum lyfseðli greiðir notandi almennt að fullu. Þó er hægt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að fá greiðsluþátttöku vegna lyfja á hvítum lyfseðli.

### Finnland

Lyfjakerfi í Finnlandi er með nokkuð öðrum hætti en á öðrum Norðurlöndum. Þar er greiðsluþátttaka notenda mismunandi eftir því um hvaða lyf er að ræða og greiðir ríkið 35, 65 eða 100% af verði lyfsins eftir því um hvaða lyf er að ræða. Þak er á árlegum lyfjakostnaði upp á 610 EUR (91.000 IKR). Þegar þaki er náð er alltaf þr

Helstu heimildir.

Kafli 5 um notendagreiðslur úr neðangreindri skýrslu

<http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:774213/FULLTEXT01.pdf>

Landsumfjöllun um Norðurlöndin úr þessari skýrslu

[http://www.commonwealthfund.org/~media/files/publications/fund-report/2015/jan/1802\\_mossialos\\_intl\\_profiles\\_2014\\_v7.pdf?la=en](http://www.commonwealthfund.org/~media/files/publications/fund-report/2015/jan/1802_mossialos_intl_profiles_2014_v7.pdf?la=en)

Lyfjakerfi Danmörk og Svíþjóð

<http://sundhedsstyrelsen.dk/da/medicin/tilskud/tilskudsgraenser>

<http://www.1177.se/Regler-och-rattigheter/Vad-kostar-lakemedel-pa-recept/#section-1>



---

## Fylgiskjal 4. Tekjur lífeyrisþega

---

### **Tekjur elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt tekjuáætlun fyrir 2015.**

Þeirra, sem sótt hafa um elli- eða örorkulífeyri hjá Tryggingatofnun ríkissins og fengið úrskurð um lífeyri. Sumir þeirra fá ekki lífeyri vegna hárra tekna en eru taldir með. Þeir aldrei eru ekki taldir með sem hafa ekki sótt um.

Tekjuáætlanir byggja á skattframtölum síðasta árs og fyrirséðum breytingum á tekjum.

- a. vegna lífeyris frá lífeyrissjóði
- b. vegna atvinnutekna
- c. vegna fjármagnstekna
- d. vegna tekna samkvæmt tekjulið 96
- e. vegna mægin bóta almannatrygginga og bóta frá erlendum almannatrygginum:
  - 1. grunnlífeyris
  - 2. tekjutryggingar
  - 3. framfærsluuppbótar
  - 4. heimilisuppbótar
  - 5. aldurstengdrar örorkuuppbótar
  - 6. barnalífeyris
- f. vegna félagsaðstoðar sveitarfélaga

Ekki er tekið mið af því að barnalífeyrir er skattfrjálss og kemur ekki til frádráttar húsaleigubóta né bensín- og ökutækjastyrkjum né öðrum bótum til að mæta kostnaði. Þá er ekki teknar með ýmis konar hlunnindi til lífeyrisþega t.d. leikskólaláss.

			Elilífeyrisþegar			Örorkulífeyrisþegar			Samtals		
Tekju- bil			Fjöldi á hverju tekjubili	Fjöldi upp- safnað neðanfrá	Upp- safnað hlutfall neðanfrá	Fjöldi á hverju tekjubili	Fjöldi upp- safnað neðanfrá	Upp- safnað hlutfall neðanfrá	Fjöldi á hverju tekjubili	Fjöldi upp- safnað neðanfrá	Upp- safnað hlutfall neðanfrá
0	til	25.000	1	31.823	100,00%	5	18.201	100,00%	6	50.024	100,00%
25.001	til	50.000	11	31.822	100,00%	7	18.196	99,97%	18	50.018	99,99%
50.001	til	75.000	17	31.811	99,96%	9	18.189	99,93%	26	50.000	99,95%
75.001	til	100.000	37	31.794	99,91%	20	18.180	99,88%	57	49.974	99,90%
100.001	til	125.000	42	31.757	99,79%	24	18.160	99,77%	66	49.917	99,79%
125.001	til	150.000	58	31.715	99,66%	52	18.136	99,64%	110	49.851	99,65%
150.001	til	175.000	136	31.657	99,48%	133	18.084	99,36%	269	49.741	99,43%
175.001	til	200.000	3.591	31.521	99,05%	3.418	17.951	98,63%	7.009	49.472	98,90%
200.001	til	225.000	3.477	27.930	87,77%	1.944	14.533	79,85%	5.421	42.463	84,89%
225.001	til	250.000	6.431	24.453	76,84%	3.703	12.589	69,17%	10.134	37.042	74,05%
250.001	til	275.000	4.308	18.022	56,63%	2.337	8.886	48,82%	6.645	26.908	53,79%
275.001	til	300.000	3.084	13.714	43,09%	1.543	6.549	35,98%	4.627	20.263	40,51%
300.001	til	325.000	2.386	10.630	33,40%	1.237	5.006	27,50%	3.623	15.636	31,26%
325.001	til	350.000	1.904	8.244	25,91%	961	3.769	20,71%	2.865	12.013	24,01%
350.001	til	375.000	1.349	6.340	19,92%	668	2.808	15,43%	2.017	9.148	18,29%
375.001	til	400.000	775	4.991	15,68%	568	2.140	11,76%	1.343	7.131	14,26%
400.001	til	425.000	685	4.216	13,25%	430	1.572	8,64%	1.115	5.788	11,57%
425.001	til	450.000	552	3.531	11,10%	265	1.142	6,27%	817	4.673	9,34%
450.001	til	475.000	417	2.979	9,36%	188	877	4,82%	605	3.856	7,71%
475.001	til	500.000	369	2.562	8,05%	114	689	3,79%	483	3.251	6,50%
500.001	til	525.000	284	2.193	6,89%	99	575	3,16%	383	2.768	5,53%
525.001	til	550.000	245	1.909	6,00%	82	476	2,62%	327	2.385	4,77%
550.001	til	575.000	196	1.664	5,23%	63	394	2,16%	259	2.058	4,11%
575.001	til	600.000	183	1.468	4,61%	48	331	1,82%	231	1.799	3,60%
600.001	til	625.000	175	1.285	4,04%	37	283	1,55%	212	1.568	3,13%
625.001	til	650.000	155	1.110	3,49%	29	246	1,35%	184	1.356	2,71%
650.001	til	675.000	121	955	3,00%	35	217	1,19%	156	1.172	2,34%
675.001	til	700.000	115	834	2,62%	27	182	1,00%	142	1.016	2,03%
700.001	til	725.000	95	719	2,26%	21	155	0,85%	116	874	1,75%
725.001	til	750.000	66	624	1,96%	18	134	0,74%	84	758	1,52%
750.001	til	775.000	82	558	1,75%	13	116	0,64%	95	674	1,35%
775.001	til	800.000	40	476	1,50%	13	103	0,57%	53	579	1,16%
800.001	eða meira		436	436	1,37%	90	90	0,49%	526	526	1,05%
<b>Samtals</b>			<b>31.823</b>			<b>18.201</b>			<b>50.024</b>		

---

## Fylgiskjal 5. Áhrif breytinga á greiðslupátttökukerfum í heilbrigðisþjónustu

---

### **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**

16. febrúar 2015.

### **Minnisblað:**

#### **Efni: Áhrif breytinga á greiðslupátttökukerfum í heilbrigðisþjónustu**

**Til: Nefndar um eitt greiðslupátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu.**

**Frá: Viðari Helgasyni.**

---

Þann 28. ágúst 2013 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til að kanna hvort hægt sé að fella lyfja-, rannsóknar-, sjúkraþjálfunar- og annan heilbrigðiskostnað undir eitt niðurgreiðslu og afsláttarfyrirkomulag.

Nefndin átti samkvæmt skipunarbréfi að kanna hvort og með hvaða hætti væri hægt að fella ofangreindan kostnað í eitt greiðslukerfi þannig að þátttaka einstaklinga í heilbrigðiskostnaði verði takmörkuð, án tillits til hvort kostnaðurinn félli til utan eða innan heilbrigðisstofnana.

Frá upphafi hefur meginforsenda vinnu nefndarinnar verið að ekki eigi að verða breyting á hlutfalli kostnaðar sjúkratryggðra í heildarkostnaði heilbrigðisþjónustu, heldur breytt skipting kostnaðar milli notenda. Þeir sem nýti heilbrigðisþjónustu sjaldan greiði stærrí hluta kostnaðar og skapi þannig svigrúm til þess að takmarka kostnað þeirra sem hafa meiri þörf fyrir þjónustu.

#### **Tillögur að breytingu**

Þær hugmyndir sem hafa verið til skoðunar eru annars vegar að taka upp vegna heilbrigðisþjónustu sem er innan sjúkratrygginga, kerfi sem er sambærilegt núverandi lyfjagreiðslukerfi, þ.e. tvískipt þrepakerfi, með lækkandi greiðsluhlutfalli notanda uns hámarki er náð. Hins vegar hefur verið skoðuð aðferð sem fengið hefur heitið PHB-aðferð eftir höfundu hennar, Dr. Pétri H. Blöndal, formanni nefndarinnar. Sú aðferð byggir á kostnaði notandans undangengna fimm mánuði auk yfirstandandi mánaðar, með greiðslupaki samkvæmt ákveðinni grunntölu á mánuði fyrir sama tímabil. Kostur þeirrar aðferðar umfram þrepaskipta aðferð er að greiðslusagan fylgir notanda og því kemur ekki til „núllstillingar“ árlega þegar nýtt greiðslutímabil hefst, með fullri greiðslupátttöku sjúklunga, líkt og í þrepaskiptu aðferðinni.

Starfshópurinn hefur gengið út frá því að kerfið taki til þeirrar þjónustu sem í dag er inni í sjúkratryggingakerfinu. Ef bæta ætti þjónustupáttum við yrði að reikna greiðslupak og fjárhæðarmörk þrepaskiptingar eða grunntölu að nýju.

Ekki hefur verið gengið frá tillögum um hvort nýtt kerfi eigi að taka bæði til heilbrigðisþjónustu og lyfjakostnaðar, eða halda þessum þáttum aðskildum. Kostur við sameiningu felst í því að þannig er ríkari tryggingavernd fyrir þá sem þurfa mikla þjónustu, þar sem líklegt er að þeir færu fyrr í afslátt og upp í hámarksgreiðslu í einu kerfi en í tveimur. Jafnframt verndar það betur þá sem lentu í umtalsverðum kostnaði sem félli til á skömmum tíma, t.d. vegna slyss eða skyndilegra veikinda.

Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis í starfshópnum hefur vikið að því í starfi nefndarinnar nýlega að það er viðbúið að grundvallarbreytingar á borð við þær tillögur sem unnið er með geti leitt til þess að heildarkostnaður aukist vegna þess að neysluhegðun sjúkratryggðra breytist við það að hafa náð greiðsluþaki. Til að fylgja þessum ábendingum eftir var tekin örstutt yfirferð yfir forsendur heilsuhagfræði og stjórnunar heilbrigðisþjónustu varðandi þessi atriði. Fylgir hún með hér.

### **Kostnaðarstýring í heilbrigðisþjónustu.**

Helstu stýribreytur heilbrigðiþjónustu eru fólgnar í að takmarka framboð þjónustu, hvort sem það er gert með því að afköst séu miðuð við fjárveitingar sem eru til ráðstöfunar eða magn sé takmarkað til samræmis við áætluð heildarútgjöld. Hin leiðin er að skapa kostnaðarvitund – og aðhald með því að leggja á notendagjöld, bæði til að skapa verðtilfinningu og til að takmarka eftirspurn og draga úr mögulegri ofneyslu þjónustu. Í sjúkratryggingakerfum (bæði opinberum og einkatrygginga) er ákveðin áhætta fólgin í því að framboð valdi kostnaði, þar sem þriðji aðili er sá sem greiðir þjónustuna – s.k. umboðsvandi/freistnivandi. Sjúklingurinn nýtur góðs af heilbrigðisþjónustu og veitandinn fær greiðslu og er því gagnkvæmur hagur að vissu marki að aukinni þjónustu. Verðstýringu með notendagjöldum er ætlað að sporna að einhverju marki gegn þessu. Því er fólgin ákveðin áhætta af því að gera verulegar breytingar á notendagjöldum í heild, þar sem af því getur skapast nokkur aukning í heildareftirspurn eftir þjónustu og hvati seljenda þjónustu til aukinnar tekjuöflunar.

Rand stofnunin sem er leiðandi í rannsóknum á sviði opinberrar þjónustu, þ.m.t. á sviði heilbrigðisþjónustu hefur gefið út ýmsar skýrslur á því sviði. Í skýrslunni *The Elasticity of Demand for Health Care a review of the Literature and its application to the Military health system*

(2002) [http://www.rand.org/content/dam/rand/pubs/monograph\\_reports/2005/MR1355.pdf](http://www.rand.org/content/dam/rand/pubs/monograph_reports/2005/MR1355.pdf), kemur fram að: „*Verðlagning heilbrigðisþjónustu er talsvert flókin. Verðið sem notandi greiðir fyrir heilbrigðisþjónustu fer eftir því hvort um sé að ræða kostnaðarhlutdeildarkerfi (samtrygging eða hlutagreiðsla)... Þannig getur verð fyrir heilbrigðisþjónustu farið eftir magni þjónustu sem er nýtt. Þetta gerir að verkum að erfiðara er að áætla verðteygni heilbrigðisþjónustu....Til dæmis er líklegt að einstaklingur sem hefur náð greiðsluhámarki fyrir árið og sé því gjaldfrjáls taki öðruvísi ákvarðanir um notkun heilbrigðisþjónustu en einhver sem ekki hefur náð hámarki eða afsláttarmarki og þurfi að borga þjónustuna fullu verði.*“ (Rand, 2002,bls 24).

Sambærileg sjónarmið er að finna í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands 2003 um Fjármögnun og rekstur heilbrigðisþjónustu [http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/B-series/Med\\_forsidu/Fjarmognun\\_og\\_rekstur\\_heilbr.pdf](http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/B-series/Med_forsidu/Fjarmognun_og_rekstur_heilbr.pdf): „*vert að hafa í huga hvað getur valdið því að heilbrigðisþjónusta verði ofnotuð. Fyrst ber að nefna upplýsingavandann. Meginþorra sjúklinga skortir forsendur til að geta tekið vel upplýstar ákvarðanir. Þeir veita þess vegna starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar umboð til að velja heppilegustu þjónustuna (aðgerðir, meðferðir) fyrir sig og slíkt getur leitt til hagsmunaárekstra. Í öðru lagi er freistnivandi til staðar. Hvað eftirspurnarhlið varðar birtist þetta í meiri þörf fyrir þjónustu*

*þar sem einstaklingar þurfa ekki að greiða fyrir þjónustuna að fullu. Hvað framboð varðar getur það t.d. birst í tilhneigingu til að láta af hendi of mikið af heilbrigðisþjónustu þar sem þriðji aðili (ríkið eða tryggingafélag) greiðir stærstan hluta kostnaðarins. Þessi áhrif leiða meðal annars til þess að stjórnvöld þurfa á hverjum tíma að veita heilbrigðisþjónustunni aðhald þannig að útgjöld keyri ekki úr hófi fram.“ (HHÍ, bls. 108)*

### **Kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra í heilbrigðisþjónustu**

Tillögur um breytt greiðsluþátttökukerfi sjúkratryggðra, sem tryggja eigi betri vernd fyrir þá sem þurfa mikið á þjónustu að halda, þurfa einnig að fela í sér stjórn tæki til að stýra kostnaði ríkissjóðs þannig að tryggt verði að kostnaðarþak breytist sjálfvirkt, ef heildarkostnaður hækkar umfram upphafsforsendur til að áætluð kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra náist. Hvað þennan þátt varðar virðist PHB aðferðin henta betur, þar sem hægt væri að endurákveða grunntöluna mánaðarlega ef kostnaðarþróun viki frá þeim áætlunum sem lagðar hefðu verið til grundvallar við ákvörðun tölunnar, hvort sem það er að kostnaður aukist eða við að magn þjónustu aukist.

### **Áhrif greiðslukerfis á heildarkostnað**

Óljóst er hvort og þá að hvað miklu leyti heildarútgjöld heilbrigðisþjónustu gætu vaxið með breyttri eftispurn sjúkratryggðra einstaklinga sem náð hafa greiðsluhámarki. Í vinnu starfshópsins hefur ekki verið lagt mat á þessa hlið. Skoða þarf hvort og hvernig hægt sé að bregðast við þeim áhrifum, þannig að viðbótarkostnaður sem breytt neytendahegðun veldur færist yfir til þeirra notenda sem valda henni.

Ekki hefur verið lagt mat á áhrif verðbreytinga á almenna notendur heilbrigðisþjónustu, sem í einhverju magni gætu valið sér, þegar greiðsluþaki er náð, að nýta sérfræðiþjónustu í meira mæli en almenna þjónustu eða þjónustu sem stendur utan sjúkratryggingakerfisins.

Þannig mætti nefna til dæmis að fólk leitaði frekar til sérfræðilæknis með heilsufarsvanda en heilsugæslulæknis (sem er ódýrari þjónusta) eða leitaði t.d. þjónustu sjúkraþjálfara í stað þess að kaupa þjónustu nuddara. Eins er mögulegt að einstaklingar sem nýtt hafi sálfræðiþjónustu (sem er utan við sjúkratryggingakerfið) ákveði að leita frekar þjónustu geðlækna. Breytt hegðan notenda heilbrigðisþjónustu eins og lýst er hér að framan gæti leitt til viðbótarkostnaðar sjúkratryggingakerfisins.

### **Niðurstöður nefndar og framhald mála**

Á næstunni mun nefndin ljúka tillögum sínum til heilbrigðisráðherra. Skoða þarf hvort víkja eigi frá forsendum um óbreytta hlutfallsskiptingu kostnaðar milli sjúklinga og sjúkratryggingakerfisins ef sýnt væri fram á að þjónustukaup væru að aukast vegna fjölda sjúklinga sem náð hefðu hámarkskostnaðarhlutdeild.

Það er mikilvægt að Sjúkratryggingar Íslands og velferðarráðuneytið láti meta þessa þætti sérstaklega í tengslum við frekari úrvinnslu á tillögum starfshópsins.

Hugsanlegt er að þessu megi mæta með verðstýringu innan mismunandi þjónustuþátta heilbrigðiskerfisins, svo sem með aðgreiningu lyfjakostnaðar frá öðrum heilbrigðiskostnaði í kerfinu, með hlutfallsega hærri hlutdeild sjúklinga í sérfræðiþjónustu en almennri þjónustu o.s.frv. Jafnframt væri mögulegt að vega saman hlutföll mismunandi þjónustuþátta við ákvörðun á fjárhæð hámarksgreiðslna eða grunntölu og breyta hámarksgreiðslu notenda ef veruleg tilfærsla væri milli þátta.

Nauðsynlegt er að áður en heilbrigðisráðuneytið vinni áfram á grundvelli tillagna

nefndarinnar, s.s. með gerð frumvarps um breytingar á hlutaðeigandi lögum, verði áhrif þau sem vikið er að hér að ofan metin og reynt að setja fram aðgerðir sem sporni við þeim óæskilegu kostnaðaráhrifum sem af breytingunni kynni að hljótast, þrátt fyrir að unnið verði að því markmiði að draga úr kostnaðaráhrifum þeirra einstaklinga sem hafi mesta þörf fyrir heilbrigðisþjónustu.